



Það skall skyndilega á með rómantískri aðventustemningu í höfuðborginni í gærkvöldi þegar snjó byrjaði að kyngja niður. Heimamenn sem ferðamenn nutu stundarinnar í ljósadýrð á Laugaveginum. Spáð er köldu veðri út helgina. Sérstaklega verður kalt á Norðurlandi og Austurlandi þar sem frosti niður í tveggja stafa tölur er spáð á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Öryrki með krabbamein fyrir Hæstarétt vegna veðsetningar

Landsbankinn áfrýjar dómi Héraðsdóms Reykjavíkur gegn öryrkja á sjötugsaldri vegna veðsetningar húseignar. „Bankinn þarf að leggja út í útlagðan kostnað, sem er að líkindum talsvert hærri heldur en þessar 1,75 milljónir króna sem deilt er um,“ segir lögmaður. Segir bankinn ekki hafa upplýst um vanskil lántaka.

DÓMSMÁL Landsbankinn hefur áfrýjað dómi sem öryrki á sjötugsaldri höfðaði gegn bankanum og vann fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Um er að ræða konu sem gekkst í ábyrgð fyrir 1,75 milljóna króna láni sem bankinn veitti þáverandi unnustu sonar konunnar 2007 með veði í húsi konunnar í Vogum á Vatnsleysuströnd. Hún stefndi bankanum og krafðist þess að veðsetningin yrði felld úr gildi og féllst héraðsdómur á það.

Vilhjálmur Þ. Á. Vilhjálmsson, sem rak málið fyrir konuna í héraðsdómi, segir tengdadóttur konunnar hafa verið á vanskilaskrá án þess að konunni væri gerð grein fyrir því. „Þá var greiðslumat ranglega úr garði gert og þar að auki aldrei kynnt konunni. Lánveitandi var í engum samskiptum við konuna sem var í miðri lyfjameðferð heima hjá sér á þessum tíma,“ segir Vilhjálmur. „Ekki nóg með að taka

Lánveitandi var í engum samskiptum við konuna sem var í miðri lyfjameðferð.

Vilhjálmur Þ. Á. Vilhjálmsson, lögmaður

til fullra varna fyrir héraði og vera óviljugur til sátta, þá tekur bankinn ákvörðun um að áfrýja málinu.“ Vilhjálmur segist aldrei hafa lent

í því sjálfur að fjármálafyrirtæki áfrýji máli sem þau tapi í héraði. Því sé vægast sagt sérstakt að það sé fyrst í þessu tiltekna máli. „Bankinn þarf að leggja út í kostnað, sem er að líkindum talsvert hærri heldur en þær 1,75 milljónir króna sem deilt er um og það gegn öryrkja og sjúklingi sem bankinn faldi upplýsingar fyrir þegar til ábyrgðarinnar var stofnað,“ segir Vilhjálmur Vilhjálmsson. —jhh / sjá síðu 6

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Bergur Ebbi skrifar um öskrandi vind og frussandi úrhelli. **13**

SPORT Sólvi Geir Ottesen hlakkar til að spila á Íslandi. **16**

MENNING Ástin og hjónabandið sem átti aldrei að verða á Rúmen-skum kvikmyndadögum í Bíó Paradís. **22**

LÍFID Kötturinn Púki hefur slegið í gegn á Facebook og fjölmargir meðlimir hópsins ná mynd af honum. **28**



PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • NETSÖLUDAGURINN

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



BROT ÚR HJÓNABANDI

UNNUR ÖSP STEFÁNSDÓTTIR BJÖRN THORS

„Ein af þessum stundum í leikhúsinu þar sem allt tekst“
HA. Kastljós



„Leikur Björns Thors og Unnar Aspar, undir styrkri stjórn Ólafs Egils, er bæði góður og gegnumheill án þess að nokkurt þrjál þurfi til“
SJ. Fréttablaðið



5 GRÍMUTILNEFNINGAR

Sýning ársins
Leikstjóri ársins
Leikari ársins í aðalhlutverki
Leikkona ársins í aðalhlutverki
Tónlist ársins



Veður



Í dag má búast við norðvestan hvassviðri og jafnvel stormi á austanverðu landinu en mun hægari vestan til. El á Norður- og Austurlandi og einnig sunnan- og vestanlands, en annars þurr. Lægir heldur í kvöld, en fer að snjóá samfellt á Norðurlandi. **SJÁ SÍÐU 20**



Heimboð hjá forseta Íslands.

Baðst afsökunar

FÓLK „Við vorum bara ánægðar með það að hann stóð upp og tók ábyrgð og baðst afsökunar og tókum það bara gilt,“ segir Glódís Tara Fannarsdóttir. Hún og Anna Katrín Snorradóttir og Halla Ólöf Jónsdóttir þáðu í gær boð forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessonar á Bessastöðum.

Konurnar þrjár urðu allar fyrir kynferðisofbeldi af hendi Roberts Downey sem fékk uppreist æru. Þær segja samtalið við Guðna hafa verið einlægt. Forsetinn hafi þakkað þeim fyrir baráttu sína og sagst vera stoltur af þeim. „Við metum það virkilega mikils og finnst það sýna hvað hann er góður og einlægur maður,“ segir Anna Katrín. – hh

Man ekki eftir Cherie Lockett

SAMFÉLAG Maðurinn sem Cherie Lockett leitaði að og sagt var frá í Fréttablaðinu í gær heitir Helgi Hannesson og býr í Reykjavík. Helgi flutti til Bandaríkjanna á fimmta aldursári og bjó fyrst í Michigan en síðan í New Jersey. Cherie átti mynd af Helga sem hún sendi blaðamanni í von um að finna hann. Helgi man ekki eftir Cherie en býður henni að senda sér skilaboð á Facebook. – jhh

Frábært hár



Það var mikið um dýrðir þegar hársnyrtideild Tækniskólans hélt útskriftarsýningu í gær. Mátti þar sjá brot af því besta sem nemendur höfðu upp á að bjóða. Sýningin var ein sú stærsta sem hársnyrtideildin hefur haldið enda eru nitján nemendur nú að útskrifast úr náminu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Atli Steinarsson látinn



ANDLÁT Atli Steinarsson blaðamaður er látinn. Atli fæddist í Reykjavík 30. júní 1929 og stundaði nám við Verzlunarskóla Íslands og Háskóla Íslands. Atli hóf störf á Morgunblaðinu árið 1950 og starfaði þar sem blaðamaður til ársins 1975. Þaðan fór hann á Dagblaðið þar sem hann starfaði til 1981 áður en hann fór á fréttastofu Ríkisútvarpsins. Þar var hann til 1986. Samhliða rak Atli og ritstýrði Mosfellspóstinum ásamt konu sinni, Önnu Bjarnason.

Undanfarnar vikur var Atli félagi númer eitt í Blaðamannafélagi Íslands, eða frá því að Þorbjörn Guðmundsson lést. Atli var einn helsti hvatamaður að stofnun Samtaka íþróttafréttamanna og gegndi þar formennsku í níu ár. – þea

Veiðipjófar hækka verð á leyfum í Elliðaánum

Stangveiðifélag Reykjavíkur vill efla veiðivörslu við Elliðaár vegna aukins veiðipjófnaðar jafnt Íslendinga sem útlendinga. Hækka á verð veiðileyfa til að kosta meiri veiðivörslu, rannsóknir, bættar merkingar og aðgengi að veiðistöðum.

STANGVEIÐI Veiðigjöld í Elliðaám hækka á næsta ári en tillaga Stangveiðifélags Reykjavíkur (SVFR) þess efnis var staðfest, með fyrirvara um samþykki Reykjavíkurborgar, á síðasta stjórnarfundum Orkuveitu Reykjavíkur. SVFR segir hækkinguna nauðsynlega til að mæta kostnaðarauka félagsins af rekstri ána. Meðal þess sem bregðast þarf við er aukinn veiðipjófnaður í ánum sem SVFR vill sporna við með aukinni veiðivörslu.

SVFR lagði í september síðastliðnum fram tillögu um breytingar á verðskrá veiðigjalda sem samþykkt hefur verið af samráðsnefnd Elliðaáa, sem skipuð er fulltrúum SVFR og OR. Í erindinu kemur fram að beinn útlagður kostnaður SVFR við rekstur ársvæðisins hafi hækkað vegna rannsóknarsamninga og aukinnar veiðivörslu þar sem veiðipjófnaður hafi aukist við árnar. Einnig standi til að bæta aðgengi veiðimanna að ánni.

Ari Hermóður Jafetsson, framkvæmdastjóri SVFR, segir að hækkingin fylgi verðlagsþróun en ekki sé gefið upp hverju hún nemur. SVFR beri allan rekstrarkostnað af ánum en til standi að bæta merkingar, aðgengi að veiðistöðum og vegslóða fyrir næsta sumar.

„Rannsóknarkostnaðurinn felur í sér að við erum með miklar rannsóknir á Elliðaánum af því að þær renna í gegnum borg og ef eitthvað gerist þurfum við að geta rakið það fljótt og auðveldlega. Svo er ekkert leyndarmál að það er mikið um veiðipjófnað og við þurfum að bera kostnað af því öllu saman.“

Ari kveðst ekki hafa tölu á fjölda



Verðskrá Elliðaáa hækkar vegna aukinna útgjalda. Meðal annars til að bregðast við veiðipjófnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það eru bæði Íslendingar og útlendingar sem eru að stelast í árnar.

Ari Hermóður Jafetsson, framkvæmdastjóri SVFR



tilfella en að þeir hafi orðið varir við fjölgun á atvikum sem til kasta félagsins hafa komið.

„Það eru bæði Íslendingar og útlendingar sem eru að stelast í árnar og við viljum efla gæslu. Við viljum koma í veg fyrir það sem mest er. Við höfum verið að merkja árnar betur, á mörgum tungumálum, og viljum ganga lengra í því.“
mikael@frettabladid.is

16. nóvember í 3 nætur

Frá kr.
64.995
m/morgunmat

Borgarferð til
LISSABON

Heimsferðir



NÝR CITROËN C3

Yfir 25 alþjóðleg verðlaun
7" snertiskjár með Mirror Link GSM tengingu
Innbyggð myndavél, ConnectedCam™

C3 LIVE BEINSKIPTUR FRÁ

1.970.000 KR.

C3 FEEL SJÁLFSKIPTUR FRÁ 2.520.000 KR.

Vindar breytinga blása nú um fjölbreytta bílalinu Citroën. Við kynnum nýjan Citroën C3, einstakan í útliti með stóru 300 litra skotti og fánlegur með hinni bráðsnjóllu Airbump hlífðarklæðningu sem verndar fyrir hurðaskellum. Citroën C3 er hljóðlátur, búinn nýjustu kynslóð sparneytinna véla og er fánlegur með nýrri 6 þrepa undurþýðri sjálfskiptingu sem gerir hann frábærlega skemmtilegan og mjúkan í akstri. Apple Car Play og Mirror Link tæknin, sem er fánleg í SHINE útfærsluna, gerir þér kleift að spegla helstu forrit snjallsímans eins og t.d Google Maps á 7" snertiskjáinn. Punkturinn yfir i-ið er svo vegmyndavélin ConnectedCam (aukabúnaður) sem gerir þér mögulegt að fanga dýrmæt augnablik á ferðalagi þínu um landið. Komdu. Sýndu þig í Citroën.



citroen.is

Sex milljóna króna sekt fyrir að vantelja milljarða króna til skatts

SKATTAR Kristjáni Vilhelmssyni, framkvæmdastjóra og einum stærsta eiganda útgerðarfélagssins Samherja, og eiginkonu hans hefur verið gert að greiða sex milljónir í sekt vegna skattalagabrota. Hjónin hafa ekki skilað skattframtali frá árinu 2005 og að auki hafa þau vantalið tekjur sínar og eignir.

„Ég hef svo sem ekkert um það að segja nema það að við borgum þá sekt,“ segir Kristján.

Úrskurður yfirskattanefndar tekur til árána 2012 og 2013.

Rannsókn Ríkisskattstjóra leiddi í ljós að launagreiðslur Kristjáns námu 38 milljónum króna en að auki hafi hann fengið rúmar fimm milljónir í dagpeninga og bifreiðahlunnindi. Vaxtatekjur hans af innstæðum námu 25 milljónum og þá fékk hann rúmlega 1,2 milljarða króna greiddan í arð af hlutabréfum sínum.

Eiginkona Kristjáns fékk á sama tímabili alls 38 milljónir króna í arð af hlutabréfum sínum. Fasteignir þeirra hjóna voru metnar á

109 milljónir árið 2012 en höfðu hækkað í tæpar 134 milljónir ári síðar. Þá hafði skattinum ekki verið gert viðvart um rúmlega 485 milljónir á bankareikningi í Lúxemborg og hann ekki látinn vita af eignum sem voru geymdar í aflandsfélagi.

Fyrir bæði árin var þeim áætlaður skattstofn og reyndist hann undir rauneignum þeirra. Ekki þótti ástæða til þess af Ríkisskattstjóra að endurákveða álagningu þeirra. Að teknu tilliti til þess, og að þau hafa ekki skilað skattframtölum í um



Hjónin geymdu um hálfan milljarð króna á bankareikningi sem þau eiga í Lúxemborg. NORDIC PHOTOS/GETTY

áratug, þótti yfirskattanefnd hæfileg sekt vera fimm milljónir handa Kristjáni en milljón króna handa konu hans.

Á tímabilinu var Kristján einn þeirra sem greiddu hæstu opinberu gjöldin hér á landi. Árið 2012 voru opinber gjöld hans 152 milljónir króna þrátt fyrir að skattstofnar hans hafi verið vantaldir og var hann annar á lista yfir skattakóna landsins. Opinber gjöld hans ári síðar voru tæpar 190 milljónir króna. –joe

Dómari stefnir Jóni Steinari fyrir meiðyrði

DÓMSMÁL Jóni Steinari Gunnlaugssyni, fyrrverandi hæstaréttardómara, hefur verið stefnt fyrir meiðyrði. Benedikt Bogason hæstaréttardómari krefst þess að fimm ummæli í nýrri bók Jóns Steinars, Með lognið í fangið, verði dæmd dauð og ómerk. Ríkisútvarpið greindi frá málinu í gær.

Í bók Jóns Steinars er meðal annars umfjöllun um mál Baldurs Guðlaugssonar, fyrrverandi ráðuneytisstjóra. Segir Jón Steinari Hæstarétt hafa framið dómsmorð á Baldri. Benedikt var einn dómara í málinu.

Hæstiréttur staðfesti tveggja ára fangelsisdóm yfir Baldri fyrir innherjasvik og brot í opinberu starfi. Einn dómara, Ólafur Þorvaldsson, vildi vísa málinu frá. – þea

Áslaug Ýr tapaði í Hæstarétti

DÓMSMÁL Hæstiréttur hafnaði í gær að ógilda synjun Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra um endurgjaldslauslausa túlkapjónustu Áslaugar Ýrar Hjartardóttur, 21 árs gamallar daufdumbrar konu. Hún vildi þjónustuna vegna þátttöku í sumarbúðum fyrir daufdum ungmenni í Svíþjóð.

„Hæstiréttur staðfesti í dag dóm héraðsdóms. Ég er vonsvikin, enda taldi ég mig búa í réttarríki. Nú mun ég setjast niður og íhuga næstu skref, baráttunni er hvergi lokið,“ skrifði Áslaug á Facebook. – nhp



Áslaug Ýr Hjartardóttir

Safnað upp í tuttugu milljóna króna gat eftir Eistnaflug 2017

Tuttugu milljóna króna mínus varð á þungarokkshátíðinni Eistnaflugi í Neskaupstað. Hátíðin fór á hliðina í sumar að sögn framkvæmdastjórans sem kveður skipuleggjendur og eigendur hátíðarinnar róa lífróður til að bjarga fjármálunum, meðal annars með því að selja hlutabréf í hátíðinni á 200 þúsund krónur stykkið.

ÞUNGAROKK „Hátíðin fór á hliðina í sumar og við höfum verið að vinna í því að koma henni á réttan kjól,“ segir Karl Óttar Pétursson, framkvæmdastjóri þungarokkshátíðarinnar Eistnaflugs. Hátíðin er rómuð fyrir einstaka stemningu og andrúmsloft en í sumar kom færra fólk en vanalega og ákveðin atriði reyndust dýrari en gert var ráð fyrir.

Alls nam tapið 20 milljónum og hafa eigendur róið lífróður til að bjarga hátíðinni. Hafa safnað 17 milljónum, meðal annars með hlutabréfasölu en hægt er að kaupa eitt prósent í hátíðinni á 200 þúsund krónur.

„Við höfum verið að selja hlutabréfin til að fjármagna tapið. Það eru sjö prósent eftir. En salan dugur ekki alveg því að enn er þriggja milljóna króna bil sem við þurfum að brúa,“ segir Karl Óttar.

Að að sögn Karls Óttars vantar hátíðina einn stóran styrktaraðila en töluvert hefur verið fjallað um áhugaleysi bæjaryfirvalda fyrir austan gagnvart hátíðinni. Tónlistarhátíðin hefur verið haldin árlega, aðra helgina í júlí, í Neskaupstað síðan sumarið 2005. Þar spila bæði innlendir og erlendir hljómsveitir yfir alls fjóra daga og hefur íbúafjöldi stendur yfir. Er miðasala á Eistnaflug 2018 hafin.

„Okkur vantar þrjár milljónir og við þurfum að finna einhvern til að styrkja okkur. Okkur vantar stóran styrktaraðila til að vinna með



Stefán Jakobsson úr Dimmu þenur leðurbarkann á Eistnaflugi þar sem gleðin hefur alltaf verið við völd. Nú er þó þungt yfir og blíkur á lofti enda vantar þrjár milljónir til að koma út á núlli. MYND/FREYJA GYLFAÐÓTTIR

okkur. Einhvern sem sér sér hag í því að tengjast því sem við stöndum fyrir.

Við erum að bóka bönd fyrir komandi hátíð og við trúum að við náum að fylla upp í þetta gat. Við ætlum að standa við okkar skuldbindingar. Við skiljum engan eftir enda bannað að vera fáviti,“ segir

Karl Óttar en það eru einmitt ein-kunnarorð hátíðarinnar. Í þau tólf skipti sem hátíðin hefur verið haldin hafa þessi orð fengið sífellt meiri hljómgrunn enda sönn og góð.

„Við keyrum á þeirri sérstöðu að allir séu vinir og þarna komi fólk til að upplifa stemningu. Þetta er ekki fylleri til að lemja og vera vondur

við náungann. Þarna er menningin að vera góður og allir hjálpast að. Allir tala við alla og við viljum efla þá menningu.

Við höfum reynt að axla samfélagslega ábyrgð og leggjum áherslu á að við stöndum fyrir ábyrgð,“ segir Karl Óttar.

benediktboas@365.is

Á FLÓTTA

Fjórtán ára strákur leggur upp í lífshættulegt ferðalag


Áhrifamikil saga byggð á raunverulegum aðstæðum

Fjölskyldubók í hæsta gæðaflokki






4G þjónusta í sérflokk



4G dreifing Vodafone
31. október 2017

168.000 km² 4G kerfi

Vodafone hefur algjöra sérstöðu í farsímaþjónustu sem teygir sig um landið og miðin á 168.000 ferkílómetra svæði. Við vinnum stöðugt að því að auka gæði og dreifingu kerfisins til framtíðar. Nú síðast með uppfærslu háhraða í 4G+ sem nær allt að 250 Mb/s.



4G í 50 löndum

Með 4G í símanum þínum opnar Vodafone þér stöðugt og hnökralaust samband hvert sem leið þín liggur bæði innanlands og erlendis í samstarfi við Vodafone Group. Vodafone fylgir þér til 50 landa nú þegar og fleiri lönd bætast stöðugt við.



Sjónvarp gegnum 4G

Ný uppfærsla á Vodafone Sjónvarpi færir þér dagskrána þína um 4G beint í símann. Njóttu þess besta sem framtíðin hefur að bjóða með stöðugri tengingu og sjónvarpsefni á ferðinni. Náðu í Vodafone PLAY appið fyrir símann þinn strax í dag.

Framtíðin er spennandi.

Ertu til?

 **vodafone**

Ráðherra boðar stjórnara á fund um áreitnismál

SVÍÞJÓÐ Menningarmálaráðherra Svíþjóðar, Alice Bah Kuhnke, kallaði stjórnendur leikhúsa, meðal annars Dramaten og Riksteatern auk óperustjóra Kungliga operan, á sinn fund eftir að 456 leikkonur sögðu í grein í Svenska Dagbladet frá nauðgunum, öðru kynferðislegu ofbeldi og kynferðislegri áreitni.



Alice Bah Kuhnke, menningarmálaráðherra Svíþjóðar.

Leikkonurnar greindu frá heimi þar sem karlkyns leikarar og leikstjórar væru hafnir upp til skyjanna og kæmust upp með það að áreita samstarfsmenn.

Ráðherrann sagði málið alvarlegt og að breytinga væri þörf.

Framkvæmdastjóri Kungliga operan, Birgitta Svendén, segir aðgerða-áætlanir liggja fyrir um hvernig bregðast skuli við kynferðislegri áreitni. Nú verði hins vegar að skapa þannig umhverfi að starfsmenn verði ekki hræddir við að kæra. Þeir megi ekki vera hræddir um að missa hlutverk við það að samþykkja ekki það sem er rangt. – *ibs*

» 456 sænskar leikkonur sögðu í blaðgrein frá nauðgunum og öðru kynferðislegu ofbeldi.

Skólinn þeirra er í rúst



Grunnskóli þessara tveggja sýrlensku stúlkna í Austur-Ghoutha-héraði Sýrlands var í rúst þegar þær skoðuðu hann í gær. Hart hefur verið barist í héraðinu nýverið eftir að vopnahléssamkomulagi var rift og hafa loftárásir ríkisstjórnarhersins meðal annars eyðilagt skólann. Mannúðarsamtök vörðu við því í gær að ástandið í héraðinu væri sífellt að versna og óttast starfsmenn mannúðarsamtaka mjög um öryggi íbúa. *NORDICPHOTOS/AFP*



Vestmannaeyingar eiga í viðræðum um yfirtöku á Herjólfu. *FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR*

Íbúar kjósa ekki um Herjólfsmálið

SVEITARSTJÓRNIR Bæjarráð Vestmannaeyja hafnaði í gær þeirri hugmynd eins Eyjamanns að efnt yrði til íbúakosningar vegna fyrirhugaðs samnings um rekstur bæjarins á ferjunni Herjólfu.

„Tilgangur með störfum í bæjarsjórn er enda að sameina fólk um mikilvæg mál frekar en að sundra. Til að fyrirbyggja misskilning vill

bæjarráð benda bréfitara á að samkvæmt viljayfirlýsingu sem kynnt hefur verið er eingöngu unnið út frá því að Vestmannaeyjabær reki Herjólf í 2,5 ár og að skýrt sé að framlög ríkisins standi undir kostnaði við reksturinn. Áhættan er því afar takmörkuð ef samningur verður yfirhöfuð gerður,“ segir bæjarráðið. – *gar*

Tengdadóttirin tók lán út á bjagað greiðslumat

Kona á sjötugsaldri stefndi Landsbankanum til að fá veðsetningu á húsi sínu aflétt. Veðsett var vegna láns þáverandi unnustu sonar hennar. Héraðsdómur segir mat bankans á tekjum og framfærslu tengdadótturinnar ósannfærandi.

DÓMSMÁL Landsbanki Íslands áfrýjar dómi í máli sem kona á sjötugsaldri höfðaði gegn bankanum og vann í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Málið snýst um að konan skrifaði undir veðskuldabréf sem þáverandi unnusta sonar hennar hafði gefið út til Landsbanka Íslands 18. júní 2007 að fjárhæð 1.750 þúsund krónur. Veð var tekið í fasteign konunnar í Vogum á Vatsleysuströnd.

Hún stefndi Landsbankanum og krafðist þess að felld yrði úr gildi veðsetning á fasteign hennar og skuldabréfinu aflýst. Dómari féllst á kröfur konunnar.

Konan byggði kröfu sína á því að Landsbankinn hafi brotið gegn ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða frá árinu 2001, einkum 4. grein samkomulagsins. Þá hafi verið brotið gegn 19. grein þágildandi laga um fjármálafyrirtæki.

Konan segist ekki hafa fengið að sjá greiðslumat um lántakann. Bankinn hefði átt að afhenda upplýsingabækling um ábyrgðir en það hafi ekki verið gert.

Þá byggði konan kröfuna á því að hæpið sé að vinna greiðslumat sama dag og sótt eru um lán. Fjármálafyrirtæki beri ábyrgð á því að upplýsingarnar séu réttar og verði að afla nauðsynlegra gagna til þess að matið gefi góða mynd af ætlaðri greiðslugetu skuldara. Vafasamt sé að unnt sé að afla gagna á nokkrum klukkustundum. Ekki hafi verið veitt heimild til upplýsingaöflunar með lánsúmsókn og því virðist sem bankinn hafi ekki aflað neinna gagna. Hann sé þó skyldur til þess. Þá taldi konan að upplýsingar í



Héraðsdómur Reykjavíkur féllst á kröfur um afléttingu veðs. *FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA*

1.750

þúsund króna lán sem þáverandi unnusta sonar öryrkja tók fyrir tíu árum með veði í húsi tengdamóðurinnar hefur dregið langan dilk á eftir sér fyrir konuna sem barist hefur við krabbamein.

greiðslumatinu hafi verið rangar. Tekjur hafi verið sagðar of háar.

Þá hafi verið sagt að leigugreiðslur næmu 25 þúsund krónum á mánuði en lántaki hafi greitt 100 þúsund krónur í leigu. Benti konan

á að láninu hafi meðal annars verið varið til að greiða upp skuld vegna húsaleigu að fjárhæð 444 þúsund krónur.

Dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að Landsbankinn og forveri hans hafi engin gögn varðveitt um vinnslu og forsendur greiðslumatsins. Fjárhæð húsaleigu sé óstaðfest og forsendur framfærslu ósannfærandi. Þá sé ekki hægt að segja að konan hafi haft næg tækifæri til að kynna sér greiðslumatið. Því beri að fella veðsetninguna á fasteigninni úr gildi.

Eins og segir á forsiðu glímur konan við krabbamein og kveðst lögmaður hennar undrast að Landsbankinn haldi málinu til streitu með áfrýjun þess til Hæstaréttar. *jonhakon@frettabladid.is*

Láttu mæla í þér sjónina



MJÓDDIN FJÖRÐUR
S: 587 2123 S: 555 4789

augastaður
Gleraugnaverslunin þín



Við getum aðstoðað

Þegar ykkur langar til að líða aðeins betur
er lausnin sú að kíkjja reglulega inn í vetur

lyfja.is

 **LYFJA**
– Lifið heil



Magnús Skarphéðinsson braut á tveimur piltum. FRÉTTABLAÐID/GVA

Skilorð fyrir kynferðisbrot

DÓMSMÁL Hæstiréttur dæmdi í gær Magnús Skarphéðinsson, formann Sálarrannsóknarfélags Reykjavíkur og formann Félags áhugafólks um fljúgandi furðuhluti, í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn tveimur sautján ára piltum.

Brotið átti sér stað í heita pottinum í Laugardalslauginni í desember 2014. Var Magnús jafnframt dæmdur til þess að greiða öðrum piltanna 300 þúsund krónur í miskabætur en hinum 200 þúsund krónur.

Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms frá því í desember á síðasta ári en meðal annars var litið til þess við ákvörðun refsingar að Magnús hafði ekki áður gerst sekur um refsivert brot.

Brot Magnúsar fólst í því að hann viðhafði kynferðislegt tal við drengina er þeir voru staddir í heitum potti í Laugardalslauginni að kvöldlagi í desember 2014. Hann á meðal annars að hafa sagt við annan piltanna að hann ætlaði að „taka hann í rassinn“. Því næst togaði hann í buxnastræng á sundbuxunum hans en tókst ekki að draga buxurnar niður fyrir kynfæri hans. — **nhþ**

Vilja kvenskörungana í stjórn

Skiptar skoðanir eru meðal þingmanna um óformlegar viðræður Sjálfstæðismanna, VG og Framsóknar. Katrín mun leiða viðræðurnar ef af þeim verður. Forystumenn á vinstri vængnum hafa ekki misst alla von.

STJÓRNMÁL Skiptar skoðanir eru meðal þingmanna um óformlegar þreifingar milli Sjálfstæðisflokks, Vinstri grænna og Framsóknarflokks um myndun ríkisstjórnar.

Það yrðu vonbrigði beiti Katrín sér ekki fyrir því að öflugustu kvenskörungar þingsins verði í forystu enda hafi hún nefnt jafnréttismálin sérstaklega þegar henni var veitt umbod til stjórnarmyndunar í síðustu viku. Þetta er mat þingmanna sem hugnast best stjórn frá vinstri til miðju. Auk Katrínar sjálfra nefna þessir þingmenn Lilju Alfreðsdóttur, Þórhildi Sunnu Ævarsdóttur, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur og Helgu Völu Helgadóttur.

Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar hefur lýst því yfir að ekki sé enn fullreynt að mynda stjórn frá vinstri til miðju. Hann hefur rætt bæði við Katrínu og Sigurð Inga eftir að upp úr viðræðum slitnaði og ræðir við aðra forystumenn í dag. Þetta herma heimildir blaðsins. Ekkert talsamband mun hins vegar vera milli formanna Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar.

S a m k v æ m t heimildum Fréttablaðsins mun Katrín leiða formlegar viðræður Sjálfstæð-

isflokks, Vinstri grænna og Framsóknarflokks ef af þeim verður, gegn því að þingstyrkur Sjálfstæðisflokksins endurspeglar með öðrum hætti í stjórninni. Náist samkomulag milli forystumanna flokkanna um þessi atriði, verða málin rædd í þingflokkum. Það ræðst í kjölfar þeirra hvort Katrín getur farið á fund forseta með meirihluta til formlegra viðræðna.

Þeir þingmenn VG sem náðist í i gær segjast bera fullt traust til Katrínar til að leiða viðræður. Í kos-

ingabaráttunni hafi flokkurinn ekki útilokað samstarf við neinn og samstarfið þurfi að ráðast af málefnum.

Sjálfstæðismenn sem Fréttablaðið hefur rætt við segja öll möguleg stjórnarmynstur erfið og í rauninni engan kost sérstaklega góðan. Það þurfi að koma í ljós hvort þessir flokkar sem nú ræðast óformlega við geti komið sér saman um málfinn og það geti orðið flókið. Hins vegar þurfi sú stjórn sem mynduð verður að endurspeglar niðurstöðu

kosninganna og þá staðreynd að Sjálfstæðisflokkurinn er langstærsti flokkurinn. Gefi flokkurinn frá sér forsætisráðuneytið þurfi stjórnin að endurspeglar ólíka stærð flokkanna með öðrum hætti.

Einn viðmælenda blaðsins hafði á orði að stjórn mynduð af þessum flokkum sem aldrei hafi starfað saman í ríkisstjórn áður, gæti þrátt fyrir allt orðið upphaf sögulegra satta stjórnmalanna í landinu eftir áratug af ölgu og miklum átökum. adalheidur@frettabladid.is



MINNI EYÐSLA, MEIRA PLÁSS, MEST GAMAN



ŠKODA



ŠKODA OCTAVIA G-Tec. FULLVAXINN FJÖLSKYLDUBÍLL SEM SPARAR ÞÉR KRÓNURNAR.

Octavia G-Tec er einn mest seldi bíll á Íslandi, enda bæði sparneytinn og góður í endursölu. Hann er mjög rúmgóður og gengur bæði fyrir bensíni og metani sem lækkar eldsneytiskostnaðinn til muna. Komdu í reynsluakstur og kynstu Octaviunni betur.

ŠKODA OCTAVIA frá:
3.350.000 kr.

H HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílaskrá Akranesi · HEKLA Reykjanessbæ



www.skoda.is

Ljósahelgi Garðheima

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LJÓSASERÍUM OG LJÓSAHLUTUM

MIKIÐ ÚRVAL AF
HÁGÆÐA ÚTISERÍUM
SEM HAFA REYNST VEL
VIÐ ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

VERÐDÆMI
CONNECT A LIGHT
SAMTENGJANLEGAR ÚTISERÍUR
100 LJÓSA – 10M LÖNG
VERÐ 4.360KR
VERÐ ÁÐUR 5.450_{kr}


GLÆSILEGT ÚRVAL AF LJÓSASTJÖRNUM,
LJÓSAKRÖNSUM OG LJÓSAHLUTUM FRÁ VIRTUM
FRAMLEIÐENDUM EINS OG SIRIUS, STAR OFL

20%
AFSLÁTTUR

INNISERÍUR, BATTERÍSSERÍUR, BATTERÍSKERTI
OFL TIL AÐ GERA HUGGULEGT Í SKAMMDEGINU

20%
AFSLÁTTUR

BRÖNS HLAÐBORG
Á SPÍRUNNI
UM HELGAR
KL 11:30-15:00



GARÐHEIMAR

Stekkjarkakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

*Tilboðin gilda til mánudagsins 13. nóvember 2017.

Slepptu meintum stríðsglæpamönnum til að trufla ekki kosningar

MIÐ-AFRÍKULYÐVELDIÐ Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna í Mið-Afríkulyðveldinu slepptu tveimur meintum stríðsglæpamönnum í desember 2015 án þess að draga þá fyrir rétt.

Þetta kemur fram í trúnaðarskjölum sem BBC hefur undir höndum og fjallaði um í gær. Um er að ræða tvo uppreisnarmenn sem réðust á friðargæsluliða SP en það telst til stríðsglæpa.

Atvikið átti sér stað skömmu fyrir kosningar þar í landi og var „hinum meintu stríðsglæpamönnum

sleppt“ til að „reyna að raska ekki kosningunum“ eins og segir í skjölunum.

Mennirnir tilheyrðu skæruliðasamtökunum Union pour la Paix en Centrafrique. Þegar þeir nálgudust búdir friðargæslusveitanna í bænum Galaboroma bað friðargæsluliði þá um að stansa og setja hendur á höfuð svo hægt væri að leita á þeim. Þá réðust uppreisnarmennirnir á friðargæsluliðann.

Friðargæsluverkefnið í Mið-Afríkulyðveldinu hefur ekki gengið áfallalaust fyrir sig. Í maí fyrr á þessu

ári fórust nokkrir friðargæsluliðar til að mynda í árasum uppreisnarmanna.

Þá voru friðargæsluliðar sakadír um að nauðga miklum fjölda kvenna þar í landi. Í desember á síðasta ári lauk rannsókn Sameinuðu þjóðanna á ásökunum og kom í ljós að 41 friðargæsluliði hafði verið sakaður um nauðgun eða annað kynferðislegt ofbeldi. Alls tóku rannsakendur viðtöl við 139 konur sem lýstu ofbeldi sem þær urðu fyrir árin 2014 og 2015 í Kémo-héraði. – þea



Verkefni SP í Mið-Afríkulyðveldinu gengur ekki sem skyldi. NORDICPHOTOS/AFP



Bókasafnsfræðingur segir leshringir bæta liðan. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Leshringir á sjúkrahúsi eru heilsubót

NOREGUR Bókasafnsfræðingurinn Linda Schade Andersen við Ullevål háskólasjúkrahúsið í Ósló segir þátttöku í leshringjum, sem hafa verið í boði á sjúkrahúsinu frá 2015, af hinu góða. Litið sé á þátttakendur sem persónur en ekki bara sjúklinga. Þátttakan opni auk þess á samtöl sem menn þora almennt ekki að eiga við ókunnugt fólk.

Upphafið að fyrrgreindum leshringjum, Shared Reading, byrjaði sem verkefni við Háskólann í Liverpool árið 2000. Í ljós kom að þátttakan var heilsuþætandi. Slíkir leshringir eru útbreiddir í Englandi og Danmörku og eru nú að ná föttestu í Noregi og Svíþjóð. – ibs



Mohammed bin Salman, krónprins Sádi-Arabíu. NORDICPHOTOS/AFP

Sádi-Arabar taka á spillingu

SÁDI-ARABÍA Rúmlega 200 eru nú í haldi í Sádi-Arabíu, grunaðir um fjárdrátt og spillingu. Ríkissaksóknari þar í landi greindi frá þessu í gær og sagði að að minnsta kosti tíu billjónir króna hefðu tapast úr ríkissjóði vegna fjárdráttar og spillingar undanfarna áratugi.

Ekki hefur verið greint frá nöfnum neinna þeirra sem liggja undir grun. Heimildir BBC herma að þar á meðal séu mildir, ráðherrar og viðskiptajöfrar. Bankareikningar viðkomandi hafa verið frystir.

„Sönnunargögnin eru afgerandi,“ sagði Saud al-Mojeb ríkissaksóknari í gær. Jafnframt sagði hann að viðskiptalíf Sádi-Arabíu ætti ekki að raskast vegna frystingarinnar enda væri eingöngu um persónulega reikninga að ræða.

Krónprinsinn Mohammed bin Salman boðaði á dögunum átak gegn spillingu og fer fyrir nýstofnaðri nefnd gegn spillingu. Sagði al-Mojeb að stórf nefndarinnar gengju vel.

„Umfang spillingarinnar sem við höfum uppgötvad er gríðarlegt. Miðað við rannsóknir okkar undanfarnar þrjú ár metum við að að minnsta kosti hundrað milljarðar Bandaríkjadala hafi sogast út úr kerfinu vegna spillingar og fjárdráttar undanfarna áratugi,“ sagði al-Mojeb. – þea

Trump hafði fögur orð um Xi

Bandaríkjaforseti heimsótti forseta Kína í gær. Lofaði hann Kínverjann í bak og fyrir en hefur áður gagnrýnt Kínverja harðlega. Ferðin sögð farin til að styrkja ímynd forsetans í Bandaríkjunum eftir erfitt gengi og óhagstæðar skoðanakannanir. Báðir forsetarnir ætla að vinna að því að koma á friði á Kóreuskaga.

KÍNA Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, heimsótti Kína í gær og átti fund með Xi Jinping forseta. Ræddu þessir valdamestu menn heims saman um milliríkjavíðskipti og ástandið á Kóreuskaga. Athygli vakti að Trump fór í þetta sinn fögrum orðum um Xi, rétt eins og hann gerði þegar Kínverjinn heimsótti Bandaríkin fyrr á árinu til að ræða sömu mál.

Á meðan Bandaríkjaforseti var í kosningabaráttu var orðræðan önnur. Á kosningafundi í maí 2016 sagði Trump til að mynda: „Við getum ekki leyft Kínverjum að nauðga landinu okkar, það er það sem þeir eru að gera. Þetta er mesti þjófnaður í heimssögunni.“ Vísadír forsetinn þar til viðskiptanna á milli ríkjanna sem honum þótti Kínverjar hagnast á en Bandaríkjamenn ekki.

Svo virðist þó sem Trump hafi skipt um skoðun. „Það er ekki hægt að kenna Kínverjum um að nýta sér Bandaríkin til þess að bæta hag borgara. Kínverjar hafa staðið sig vel. Í raun kenni ég fyrri ríkisstjórnunum um að leyfa viðskiptahalla okkar að aukast eins og hann hefur gert.“

Eins og fjallað hefur verið ítarlega um er Xi nú orðinn valdamesti leiðtogi Kínverja í áratugi. Hefur hugsjón hans og nafn verið ritað í stjórnarskrá Kommúnistaflokksins en Xi er fyrsti maðurinn sem hlýtur þann heiður frá því að Mao Zedong var leiðtogi Kínverja.

Rétt eins og flokksmenn gerðu í október fór Trump fögrum orðum um þennan valdamikla leiðtoga. „Þú ert afar sérstakur maður,“ sagði forsetinn til að mynda.

Bandaríkjaforseti gerði Xi stóran greiða í lok blaðamannafundar þeirra tveggja, að því er BBC greinir frá. Greiðinn fólst í því að neita að svara spurningum blaðamanna, líkt og Xi gerði. Í umfjöllun BBC segir að Bandaríkjaforsetar hafi venjulega reynt að berjast fyrir auknu fjölmiðlafrelsi í Kína. „En ekki þessi,“ skrifar blaðamaður BBC.



Kínversku forsetahjónin sýndu bandarískum gestum sínum merkileg kennileiti í höfuðborginni Peking. NORDICPHOTOS/AFP

Trump er ekki í sömu stöðu og Xi. Hann nýtur stuðnings 37,6 prósentu kjósenda í Bandaríkjunum samkvæmt vegnu meðaltali skoðanakannana sem FiveThirtyEight tekur saman. Þá tapaði flokkur hans ríkisstjórasætum og sætum í fjölmörgum ríkisþingum á þriðjudag.

CNN greindi frá því í gær að fimm ríkja Asiureisa Trump væri sérstaklega hugsuð til þess að sýna hæfni forsetans í því að semja við önnur ríki og þannig mögulega rétta úr kútnum. Sjálfur hefur Trump stært sér af því að vera stórkostlegur samningamaður.

Tilkynnt var um gerð samninga sem eiga að auka viðskiptin á milli ríkjanna. Rex Tillerson, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagði í samtali við blaðamenn að þeir samningar væru þó smávægilegir

● ● Það er ekki hægt að kenna Kínverjum um að nýta sér Bandaríkin til þess að bæta hag borgara. Kínverjar hafa staðið sig vel.

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna

● ● Bæði ríki munu vinna áfram að friði á Kóreuskaga.

Xi Jinping, forseti Kína

þegar kæmi að því að rétta viðskiptahallann.

Eins og áður segir barst talið óhjákvæmilega að Norður-Kóreu. Trump hefur áður gagnrýnt meint aðgerðaleyfi Kínverja. „Kínverjar hafa EKKERT gert fyrir okkur þegar

kemur að Norður-Kóreu, bara talað,“ tisti forsetinn til að mynda í júlí síðastliðnum.

Nú kallaði Trump eftir því að Kínverjar gerðu allt sem í valdi þeirra stæði til að fá Norður-Kóreumenn til að láta af áformum sínum um þróun kjarnorkuvopna. Sagði hann að auðvelt yrði fyrir Kínverja að fá það í gegn en Kína hefur lengi verið eini bandamaður einræðisríkisins. „Ég kalla eftir því að herra Xi leggi hart að sér. Ég veit að forsetinn ykkar er harðduglegur og ef hann leggur hart að sér fær hann þetta í gegn.“

Sjálfur sagði Xi að báðir aðilar myndu áfram vinna að því að innleiða að fullu þær þvingunaraðgerðir sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt og vinna að friði á Kóreuskaga. thorgnyr@frettabladid.is

Hvorki þörf á nýrri rétt né fjárrekstri um þjóðveg 1

DÓMSMÁL Gunnar Jónsson, eigandi jarðarinnar Króks, segir ýmsa möguleika fyrir hendi til að leysa deiluna um fjárrekstur á hausti um land hans að Þverárrétt.

„Landeigandinn hefur til dæmis boðið upprekstrarfélaginu þrjá kosti til þess að koma fénu um Króksland til Þverárréttar að hausti. Þeim tilboðum hefur öllum verið hafnað en eigendum jarðarinnar verið boðið upp á þá lausn að afhenda upprekstrarfélaginu tvo þriðju hluta þess lands sem Hæstiréttur dæmdi að væri þeirra eign,“ segir Gunnar.

● ● Það nægir að virða girðingalög og dóm Hæstaréttar og þiggja þá fyrirgreiðslu sem þeim upprekstrarmönnum hefur lengi staðið til boða.

Gunnar Jónsson á Króki



Króksbóndinn gagnrýnir bæði Gunnlaug A. Júlíusson, sveitarstjóra Borgargbyggðar, og Kristján Fránklín Axelsson, formann upprekstrarfélagsins fyrir orð þeirra í Fréttablaðinu 1. nóvember. Ekki sé þörf á nýrri rétt eins og haft sé eftir Kristjáni.

„Það er heldur ekki þörf á því að reka féð eftir þjóðvegi eitt. Það nægir að virða girðingalög og dóm Hæstaréttar og þiggja þá fyrirgreiðslu sem þeim upprekstrarmönnum hefur lengi staðið til boða. Sá möguleiki virðist ekki vera fyrir hendi. Þess vegna hefur þessu

máli verið vísað til dómstóla,“ segir Gunnar. Þá sé haft eftir sveitarstjórnunum að upprekstrarfélagið hafi notað hluta af Krókslandinu í 90 ár í þeirri góðu trú að það ætti landið.

„Rétt er að geta þess að allan þann tíma var umrætt land þinglýstur hluti jarðarinnar samkvæmt landamerkjaskrá, sem staðfest var af formanni upprekstrarfélagsins. Það er heldur ekki rétt, sem sveitarstjórnin gefur til kynna, að leiðin úr afreittinni til byggðarinnar liggji um einhvers konar einstigi eða „trekt“ í gegnum Krókslandið.“

– gar

Toysrus®

Skoðaðu póstinn þinn – Frábær tilboð í gangi!

PRICEMATCH

108424001
MY LITTLE PONY
KÚRUPÚÐI

Venjulegt verð 4.000,-
SPARIÐ 701,-
3.299,-



119626001
SPIRE SAUMAVÉL

Venjulegt verð 7.499,-
SPARIÐ 1.000,-
6.499,-



122162001
POKÉMON
BARDAGASPILASTOKKAR
MÉD KYUREM

2 fullbúnir 60 spila
spilastokkar,
2 spilastokkakassar,
2 myntir og fleira.
Venjulegt verð 7.500,-
SPARIÐ 1.500,-
6.000,-



121350001
MY LITTLE PONY
KASTALI FYRIR
CANTERLOT OG
SEAQUESTRIA

Venjulegt verð 14.000,-
SPARIÐ 3.000
11.000



112349001
NERF ACCUSTRIKE ALPHAHAWK

10 pilur fylgja. Venjulegt verð 7.999
SPARIÐ 1.400
6.599

Lengdur afgreiðslutími!
Kynntu þér afgreiðslutímann okkar á toysrus.is

LEGO MINAGO 79614
PRIMUFLYGIÐ
9.500

NERF N-STRIKE ELITE RETALATOR
6.999,-

122162001
POKÉMON
BARDAGASPILASTOKKAR
MÉD KYUREM
10.999,-

PLAYMORL
HESTALÍSGARÐUR
11.000,-

Toysrus®

122162001
POKÉMON
BARDAGASPILASTOKKAR
MÉD KYUREM
10.000,-

HATCHIMALS GLAÐINGUR
11.500,-

Tilboðin gildir frá 9.-19. nóvember, eða á meðan birgdir endast



Tilboðin gilda 09.11-19.11 2017 eða á meðan birgdir endast

Tímaskekkja



Hörður Ágísson
hordur@frettabladid.is

Flest hefur gengið Íslandi í hag á undanföllum árum. Þrátt fyrir mikinn efnahagsuppgang þá hefur verðbólga haldist vel undir markmiði Seðlabankans um langt skeið og því gefið bankanum færi á að lækka vexti í hægfaða skrefum. Slíkar aðstæður eru óþekktar í hagsögu Íslands. Vaxtalækkunar Seðlabankans hafa samt ekki verið að skila sér að öllu leyti til fyrirtækja og heimila á síðustu misserum. Þetta má sjá þegar lítið er til þess að vextir á fyrirtækjaskuldabréfum og útlánum fjármálastofnana til fasteignakaupa hafa ekki lækkað til samræmis við lækkunir á vöxtum Seðlabankans og ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa.

Hvað veldur þessu? Ein ástæða er þau innflæðishöft, eða svokallað fjárestreymistæki, sem Seðlabankinn kynnti til sögunnar í júní 2016. Samkvæmt þeim þurfa erlendir aðilar sem ætla að fjárfesta í skuldabréfum hér á landi að binda 40 prósent af fjárfestingunni á vaxtalausum reikningum í eitt ár. Afleiðingarnar voru fyrirsjáanlegar. Innflæði fjármagns í ríkisskuldabréf stöðvaðist næstu níu mánuði á eftir og beindist þess í stað í skráð hlutabréf. Þótt erlendir sjóðir séu á ný farnir að beina sjónum sínum að ríkisskuldabréfum þá er hrein fjárfesting þeirra frá áramótum hverfandi.

Sýna má því skilning að stjórnvöld vilji ráða yfir stjórnstæki til að aftra óhöflegu innflæði skammtímafjármagns. Enginn vill endurtaka þá atburðarás þegar fjárfestar flykkust með fjármagn til landsins á árunum fyrir fall fjármálakerfisins til að fjárfesta í háum vöxtum sem aftur orsakandi innstæðulausa gengisstyrkingu og kynti um leið undir ósjálfbærri skuldsetningu þjóðarvaxins með þekktum afleiðingum. Aðstæður núna eru hins vegar allt aðrar og hættan á vaxtamunarviðskiptum af slíkri stærðargráðu eru ekki fyrir hendi. Þá hefur vaxtamunur við útlönd verið að minnka á síðustu misserum samhliða því að verðbólguhorfur hafa farið batnandi, vextir Seðlabankans lækkað og útlit er fyrir minnkandi hagvöxt. Það sætir því undrum að Seðlabankinn hafi enn ekki séð ástæðu til að endurskoða innflæðishöftin, næstum átján mánuðum eftir að þau litu fyrst dagsins ljós.

Það má efast um að markmið Seðlabankans hafi verið að skrúfa fyrir erlenda fjárfestingu í skuldabréfum. Það hefur hins vegar orðið reyndin sem þýðir meðal annars að kröfn á ríkisskuldabréf – og þá um leið fjármögnunarkostnaður ríkissjóðs – er hærri en ella. Fjárhagslegu áhrifin einskorðast vitaskuld ekki við ríkið heldur þurfa heimili og fyrirtæki einnig að greiða hærri vexti sökum þessa. Reglur Seðlabankans um fjárestreymistæki gera jafnframt engan greinarmun á raunverulegum vaxtamunarviðskiptum og til dæmis fjárfestingum í fyrirtækjaskuldabréfum. Þetta er óheppilegt og mun að óbreyttu standa innviðafjérfestingum fyrir þrífum með því að skerða aðgengi að erlendri fjármögnun til að ráðast í slík langtímaverkefni.

Þróunin beggja vegna Atlantsála á undanföllum árum og áratugum hefur verið sú að langtímavextir hafa farið stíglækkandi. Ísland hefur ekki verið þar nein undantekning og með þeirri breytingu sem hefur orðið á grunngerð hægkerfisins, þar sem viðvarandi viðskiptaafgangur hefur gert landið að fjármagnsútflytjanda, ættu raunvextir að halda áfram að lækka á komandi árum. Seðlabankinn hefur tafið þá þróun, meðal annars með innleiðingu strangra innflæðis-hafta, en hann hlýtur að breyta um kúrs áður en árið er liðið og leiðrétta þá tímaskekkju.



Það má efast stórlega um að það hafi verið markmið Seðlabankans að skrúfa nánast alfarið fyrir erlenda fjárfestingu í skuldabréfum.

Halldór



Halldór 3311
9.11.2017

Frá degi til dags

Eftirherman

Við Íslendingar höfum alltaf gaman af því þegar stórstjórnur koma til landsins og skiptir þá sjaldan máli hvaða nafni þær heita, Ben Stiller, Keikó eða annað. Allt er þetta jafn gott. Við glöddumst þegar hinn írski söngvari Bono staldraði hér við yfir áramót fyrir faeinum árum. Svo bærust fréttir af því fyrir faeinum dögum að Bono væri aftur kominn til landsins. Þegar betur var að gáð reyndist þetta vera no Bo. Við höfum fengið til landsins heldur lélega eftirmynd hinnar einu sonnu rokkstjórnna.

Eineltd

Forseti bæjarstjórnar Norðurþings gerði vel með því að rita grein um eineltismálið á Húsavík í Fréttablaðinu í gær. Sagði Örlygur Hnefill að samfélagið á Húsavík þyrfti að taka á málinu, sem hefur verið mikið til umfjöllunar undanfarið. Það er mikilvægt að hafa forystumenn í hverju samfélagi sem huga að ábyrgum rekstri í stjórnsýslunni, góðum efnahag og ábyrgum vinnumarkaði. En það er líka mikilvægt að stjórnmálamenn séu reidubúnir til þess að ræða og takast á við fleiri þætti sem snerta samfélagið. Eins og Örlygur gerir í greininni. Vonandi lætur hann ekki staðar numið heldur fylgir henni eftir með öllum tiltækum ráðum.

jonhakon@frettabladid.is

Menntakerfið er ekki eyland



Sigurður Hannesson
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Það mikilvæga verkefni biður nýrri ríkisstjórnar að marka skýra stefnu um það hvernig nemendur á Íslandi verða undirbúnir til að mæta kröfum framtíðarinnar á vinnumarkaðnum. Menntakerfið gegnir þeim mikilvæga tilgangi að búa komandi kynslóðir undir störf framtíðarinnar. Aukið fjármagn í menntakerfið er ekki nauðsynleg forsenda fyrir breytingar. Miklu frekar þarf nýja hugsun og nýjar áherslur til að leysa vandann. Það velkist enginn í vafa um að menntakerfið er mikilvægt fyrir gangverk samfélagsins en það er langt frá því að vera eyland.

Miklar breytingar á tækni og störfum fylgja fjórðu iðnbýltingunni sem þegar er hafin. Það er heilmikið færni-misræmi til staðar en þá er átt við það misræmi sem er á milli þeirrar færni sem fyrirtæki þarfnast og færni fólks á vinnumarkaði. Það hefur reynst erfið að manna störf á sviði iðn-, tækni- og raungreina og blasir við að fjölga þarf þeim sem útskrifast af þessum sviðum til að mæta þörfum atvinnulífsins.

Nauðsynlegt er að vekja áhuga nemenda á tækni og vísindum. Þátturinn Nýjasta tækni og vísindi sem var sýndur á RÚV um árabíl hafði mjög jákvæð áhrif í þá veru og væri ráð að endurvekja hann í einhverri mynd. Forritun er tungumál 21. aldarinnar og því hafa Samtök iðnaðarins lagt áherslu á að forritun verði gerð að skyldufagi í grunn- og framhaldsskólum. Til marks um að hægt er að ná einstökum árangri þegar stjórnvöld og atvinnulíf taka höndum saman er Microbit verkefnið. Þar hafa mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samtök iðnaðarins, Menntamálastofnun, KrakkaRúv og fjöldi íslenskra fyrirtækja látið nemendum í té Microbit smátölvur sem hægt er að nota til forritunar. Viðtökurnar hafa sýnt að nemendur eru tilbúnir að takast á við ný verkefni en markmiðið er að efla þekkingu og áhuga.

Menntakerfið þarf að laga sig að breyttum veruleika og búa nýjar kynslóðir undir störf og starfsumhverfi sem ekki eru þekkt í dag. Það má engan tíma missa því ekki viljum við að íslenskir nemendur verði eftirbátar annarra ungmenna né viljum við draga úr samkeppnishæfni Íslands. Ný hugsun í menntamálum skilar sér margfalt til samfélagsins.

www.jolagestir.is
f Jolagestir

Úr þessum með þessum til þess.

Jolagestir 2017

Þessum til þess.

10. DESEMBER KL 17:00 - UPPSELT
10. DESEMBER KL 21:00 - UPPSELT
11. DESEMBER KL 21:00 - UPPSELT
NÝR AUKATÓNLEIKAR
12. DESEMBER KL 20:00

ÖLL MET SLEGIN Í HÖRPU
— UPPSELT Á ÞRENN TÓNLEIKA —
SALA HAFIN Á NÝJA AUKATÓNLEIKA 12. DESEMBER KL. 20:00

FRAMMÁHAFI
FK
SIPA

Stormur. Dacia Duster. Brjálæðið

Í DAG



Bergur Ebbs

Ellefti ellefti eða 11.11. er kallaður dagur hinna einhleypra en gengur í ærrikari mæli út á að finna ástina. Hér sýna tvö kínversk ungumenni listaverk sem þau gerðu í tilefni dagsins í fyrra.

og fagna einlífi sínu. Það er líka vinsælt að fara á blint stefnumót á þessum degi, jafnvel eru haldnar svokallaðar blindstefnumótaveislur þar sem einhleypir af öllum kynjum koma saman í von um að binda enda á einlífið. Því að þó til dagsins sé stofnað til að fagna einlífinu þá skín sú þrá að finna lífsförunaut sterkt í gegn. Þannig verður Singles' Day dagur ástarinnar og sem slíkur fyrirferðarmikill í kínverskum fjölmiðlum. Talan einn er einnig túlkuð í merkingunni sá eða sú eini/a rétta, og þannig kemur ástartengingin.

Árið 2011 var einstaklega mikilvægur stakdagur þar sem talan einn kom þá sex sinnum fyrir í dagsetningunni, 11.11.11. Tíðni trúlofana og hjúskaparsáttmála var meiri þennan dag en aðra daga og margir sem vildu fagna ástinni þó aðrir hafi eflaust viljað fagna einlífinu enda hefur hvort tveggja

nokkra kosti. Risavefverslanir eins og Alibaba höfðu nýtt tækifærið sem þessi ný hátiðisdagur bauð upp á frá 2009 og auglýst einstök tilboð á þessum einstaka degi. 11.11.11 voru tilboðin betri en nokkru sinni og í kjölfarið varð sprenging í vefverslun. Í fyrstu voru tilboðin helst á varningi sem tengdist hjúskaparstöðu og leitinni að ástinni en í dag er Singles' Day einn allsherjartilboðsdagur í vefverslun og hefur löngu skákað svarta föstudeginum í sölutölum en hann hefur löngum verið helsti jólaútsölu dagurinn í verslunum í Bandaríkjunum og víðar. Daginn áður, eða 10. nóvember, heldur vefverslunarrisinn Alibaba gríðarstóra galaveislu þar sem starfsfólk og stjórnur fagna útsölunum saman og sölutölur eru birtar á risaskjá enda er dagurinn líka oft kallaður Alibaba-dagurinn í Kína og víðar.

HEIMKAUP 

11.11.
光棍节

Singles | ...er á
DAY! | morgun!

1111 vörur á RISA afslætti!

ALLAR aðrar vörur á **11% afslætti.**

 Aðeins í 24 tíma!

33% afsláttur



~~24.990 kr.~~ **16.743 kr.**

33% afsláttur



~~12.995 kr.~~ **8.707 kr.**

33% afsláttur



~~6.990 kr.~~ **4.683 kr.**

55% afsláttur



~~25.990 kr.~~ **11.695 kr.**

55% afsláttur



~~9.590 kr.~~ **4.290 kr.**

44% afsláttur



~~29.990 kr.~~ **16.794 kr.**

44% afsláttur



~~9.990 kr.~~ **5.594 kr.**

33% afsláttur



~~2.490 kr.~~ **1.917 kr.**

44% afsláttur



~~1.690 kr.~~ **1.115 kr.**

88% afsláttur



~~2.590 kr.~~ **311 kr.**

22% afsláttur



~~10.890 kr.~~ **9.566 kr.**

55% afsláttur



~~8.590 kr.~~ **3.866 kr.**

Sendum heim samdægurs á höfuðborgarsvæðinu.

www.heimkaup.is | Smáratorgi 3 | 201 Kóp. | S: 550-2700

Innkaupaferð í tölvunni heima

Sólveig Helga Hjarðar var á menntaskólaaldri þegar hún verslaði í fyrsta sinn á netinu. Hún kaupir helst fatnað, snyrtivörur og gjafir í netverslunum, innlendum sem erlendum.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Þegar Sólveigu Helgu Hjarðar sálfræðinema vantar fót eða annað fer hún í verslunarferð í tölvunni heima hjá sér. „Mér finnst mjög þægilegt að versla á netinu. Yfirleitt kynni ég mér vel þá vöru sem ég hef áhuga á að kaupa. Ef um er að ræða fatnað skoða ég vel númerin, kanna úr hvaða efni fötin eru og horfi jafnvel á myndbönd til að sjá betur snið og liti.“ segir Sólveig sem stundar fjarnám við Háskólann á Akureyri.

Þarf ekki að snúa ættingjum

Sólveig býr á Egilsstöðum og segir netverslun afar mikilvæga fyrir þá sem búa úti á landi, þar sem úrvalið er oft minna en í stærri bæjum. Hún byrjaði að versla á netinu í kringum sautján ára aldurinn og uppgötvaði þá strax kostina sem felast í því að fá vöruna senda heim. „Ég kiki reglulega á íslenskar netverslanir, eins og heimkaup.is og ikea.is og finnst gott að geta pantað varning á þeim síðum í staðinn fyrir að fá ættingja eða vini til að snúast fyrir mig í Reykjavík. Ég fylgist líka vel með því sem er í gangi í Kringlunni og Smáralind og nýti mér oft tilboð sem ég rekst á á netinu.“ segir Sólveig.

Inn á milli kaupir hún vörur á eBay og AliExpress en hvaða síður eru í mestu uppáhaldi hjá henni? „Ég er mjög hrifin af asos.com, boohoo.com, fashionnova.com og torrid.com sem eru kvenfataverslanir. Ég kaupi líka marga á íslenskum síðum, eins og fotia.is. Úrvalið af íslenskum vefverslunum er alltaf að aukast.“

Keypti jólagjafirnar á netinu

Sólveig segir aðalkostinn við netverslun vera þann að úrvalið er breitt og hægt að kaupa í raun allt sem hugurinn girnist. „Fyrir jólin í fyrra pantaði ég rosalega mikið á netinu, ekki síst ef það voru tilboð

„Mér finnst mjög þægilegt að versla á netinu. Yfirleitt kynni ég mér vel þá vöru sem ég hef áhuga á að kaupa. Ef um er að ræða fatnað skoða ég vel númerin, kanna úr hvaða efni fötin eru og horfi jafnvel á myndbönd til að sjá betur snið og liti.“

í gangi. Ég keypti jólafötin mín og nær allar jólagjafirnar.“

Spurð hvaða ókosti það hafi að panta vörur á netinu segir Sólveig að það sé helst að sendingarkostnaður geti verið hár og biðin eftir vörunni, ef hún skilar sér ekki á réttum tíma. „Ég held mig við netsíður sem ég þekki vel og hef góða reynslu af. Þegar ég panta í fyrsta sinn af einhverri síðu spyrst ég fyrir um hvort einhver sem ég þekki hafi reynslu af viðkomandi síðu. Reynslan skiptir miklu máli upp á hvort ég versla við viðkomandi netverslun eða ekki.“

Sólveig segir netverslun tvímælalaust vera framtíðina. „Ég þekki fjölda fólks sem kaupir vörur á netinu. Mér finnst eins og að þeir sem búa fyrir sunnan versli líka á netinu þótt úrvalið af búðum sé mun meira þar en úti á landi.“

En er eitthvað sem þú myndir alls ekki kaupa á netinu? „Nei, ég held ekki.“

Fyrir áhugasama er Instagram-síða Sólveigar solveighjarðar.



„Þegar ég panta í fyrsta sinn af einhverri síðu spyrst ég fyrir um hvort einhver sem ég þekki hafi reynslu af viðkomandi síðu.“

Pei – örugg leið til að versla á netinu

Pei er einföld greiðslulausn sem sett var á markað í byrjun árs 2016. Pei býður fjölbreyttar greiðslulausnir til að gera viðskiptavinum kleift að ganga frá kaupum með greiðsluseðlum á öruggan og einfaldan máta.

Greiðsluleiðin Pei er einföld og örugg fyrir alla einstaklinga. „Að borga með Pei gæti ekki verið auðveldara,“ segir Guðni Birkir Ólafsson, ráðgjafi hjá Greiðslumiðlun. „Allt er gert rafrænt án korts og það tekur enga stund að klára kaupin sem þýðir að einstaklingur getur verslað á netinu án þess að eiga eða nota kreditkort,“ útskýrir hann. „Við notkun á Pei getur fólk valið eingreiðslu eða fjölgreiðslur og dreift á allt að 36 mánuði. Þegar valin er eingreiðsla fær viðkomandi 14 daga frest til að borga fyrir vöruna. Hægt er að kaupa vörur eða þjónustu með

Pei í netverslunum og í verslunum hjá þjónustuaðilum okkar,“ segir Guðni.

Tæplega 600 fyrirtæki bjóða upp á Pei greiðsluþjónustu og þeim fjölga ört. Hámarksheimild er 1,9 milljónir króna og getur hver og einn séð sína heimild á heimasíðunni Pei.is. Eina sem þarf eru rafræn skilríki eða Íslykill til að skrá sig inn í þjónustuna og kanna heimildina.

Guðni segir að þessi möguleiki hafi komið að góðum notum hjá einstaklingum frá því að þjónusta Pei hófst hér á landi.



Pei – greiðsluþjónusta hefur verið starfrækt frá árinu 2016.

„Þessi þjónusta hefur fengið frábærar viðtökur. Viðskiptavinir eru almennt sammála um að þessi kostur sé frábær,“ segir Guðni og bætir við að fyrirtækið sé alltaf að bæta þjónustuna. „Á næstu dögum förum við af stað með þá nýjung að viðskiptavinir geta fengið aukinn greiðslufrest í 30 eða 60 daga eftir óskum. Fólk getur keypt jólagjafirnar núna og greitt fyrir þær 30 til 60 dögum seinna, að viðbættum þeim 14 daga fresti sem innifalinn er í þjónustu okkar. Dæmi má nefna að ef jólaínkaupin hefjast í

byrjun desember þarf ekki að greiða vöruna fyrr en í janúar eða febrúar. Nýtt Pei app fer jafnframt í dreifingu á næstunni, sem mun bæta þjónustu við viðskiptavinum okkar enn frekar,“ segir Guðni. „Við hvetjum fólk til að skrá sig hjá Pei og skoða heimildina sína. Það kostar ekkert að skrá sig,“ segir Guðni.

Hægt er að fá frekari upplýsingar um Pei greiðsluþjónustu á heimasíðu www.pei.is eða með því að hringja í síma 527 5400.



Borgaðu eftir 14 daga
eða dreifðu kaupunum
á 36 mánuði

Farðu á pei.is/heimild
og skoðaðu þína heimild!

Einföld og örugg
leið til að versla á netinu



Sparar mörgu eldra fólki sporin og óþarfa fyrirhöfn

Fleiri eldri borgarar hér á landi nýta sér vefverslanir en áður. Áður þótti mörgum skorta á persónulega þjónustu en viðmót margra vefverslana hefur breyst. Félag eldri borgara í Reykjavík kynnir á næstunni nýjung til félagsmanna sem snýr að heimsendingu vara úr vefverslunum.

Starri Freyr
Jónsson
starri@365.is



Sífelld fleiri eldri borgarar héraðs nýta sér vefverslanir og mun þeim vafalaust fjölga jafnt og þétt næstu árin. Misjafnt er hvernig hver og einn nýtir sér þær en Gísli Jafetsson, framkvæmdastjóri Félags eldri borgara í Reykjavík (FEB), minnst þess þegar hann hóf að kynna sér netverslanir fyrir nokkrum árum. „Ætli þetta hafi ekki byrjað með kaupum á farmiðum, sennilega hjá Flugfélagi Íslands eins og það hét á þeim tíma. Svo kom Hópkaup og ég var duglegur þar á tímabili en hvað á maður að gera við tíu hamborgaratilboð eða svifbretti?“ Hann segir að í fyrstu hafi verið spennandi að fá ýmis nettilboð en svo hafi það breyst. „Fyrst var spennandi að fá tilboð og maður stókk á það og oft án þess að hugsa. Svo hefur það þróast smátt og smátt að maður verður ónæmari fyrir tilboðum og lætur þau fara fram hjá sér. Raunar verð ég ósköp feginn þegar tilboðið hefur fallið á tíma.“

Þjónustan oft góð

Í dag veða kaup frá útlöndum þyngst þegar kemur að netverslun Gísla. „Þá ekki endilega í krónum talið því kaup á t.d. farmiðum og ferðum eru hærri upphæðir. Ég er allavega alveg hættur að kaupa fatnað á netinu, það hefur ekki reynst mér vel. Samræming í stærðum á fatnaði, t.d. medium, er ekki sú sama alls staðar. Það gildir þó ekki bara fyrir netverslanir en það er erfiðara að máta í netverslunum áður en keypt er!“

Oft er sagt að persónuleg þjónusta sé ekki fyrir hendi í netverslun en Gísli er ekki endilega sammála því. „Í flestum netverslunum í dag er boðið upp á netspjall, t.d. í Bandaríkjunum, þar sem það er alltaf einhver á



„Þá er auðveldara að sjá um dagleg neysluinnkaup og svo reyndar alla daga því ekki eiga allir eldri borgarar heimangengt,“ segir Gísli Jafetsson, framkvæmdastjóri Félags eldri borgara í Reykjavík. MYND/EYFÓR

vaktinni sem getur svarað þér. Þessi „netspjöll“ geta vel þjónað sem persónuleg þjónusta. Oft veit sá sem svarar, hvar sem hann er í heiminum, meira um viðkomandi vöru en starfsmaður í verslun. Allavega sérðu viðkomandi ekki lesa sér til um vöruna eins og stundum gerist í verslunum þegar þú spyrð að einhverju.“

Námskeið opna augun

Munurinn er helst sá að maður tekur sjálfur ákvörðun um kaup í netverslun án beins eða óbeins þrýstings frá starfsmanni, sem jú oft veitir þjónustuna, segir Gísli. „Í netverslun kemur kannski til

annar þrýstingur eins og skyndi-afsláttur sem „poppar upp“ á ákveðnum stað í ferlinu sem er þá gert til að hafa óbein áhrif á kauphegðun þína.“

En hvaða tilfinningu skyldi Gísli hafa fyrir því hvernig eldra fólk nýtir sér netverslun og hvaða kosti hefur hún fyrir eldri borgara, umfram hefðbundnar verslanir? „FEB hefur staðið fyrir og stendur fyrir fjölda spjaldtölvunámskeiða þar sem farið er í fjölmargar athafnir á netinu, m.a. verslun. Þetta er ekki beint kennsla í vefverslun né yfirferð umsókna en þó er kennt hvernig hægt er að nálgast vefsíður og hvað þurfi

að hafa í huga. Við höfum síðan heyrt að þessi námskeið opni augu fólks fyrir möguleikum. Einnig tek ég eftir því að auglýsing á síðum félagsins, www.feb.is, og á Facebook auka strax „sölu“ á öllum viðburðum og námskeiðum á vegum félagsins.“

Stifari markaðssetning

Kosti netverslunar fyrir þennan aldurshóp má t.d. sjá á þungum vetrardögum þegar færðin er erfið. „Þá er auðveldara að sjá um dagleg neysluinnkaup og svo reyndar alla daga því ekki eiga allir eldri borgarar heimangengt. En að sjálfsögðu hvetjum við til

hreyfingar þó ekki væri nema að rölta út í búð.“

Aðspurður hvernig hann sjái fyrir sér þróunina þegar kemur að vefverslunum og notkun eldri borgara segist hann sjá fyrir sér meiri og þéttari markaðssetningu sem stýrt er af einhverjum „stóra bróður“ sem telur sig vita hver þörf þessa hóps sé, sem og annarra hópa. „En til viðbótar við þennan hóp þá bætist við að koma vörinni heim að dyrum, beint til neytandans, og þar vona ég að Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni geti kynnt nýjung á næstunni okkar félagsmönnum til þæginda og vonandi hagsauka.“

JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Stóra jólablaðið frá Fréttablaðinu kemur út þriðjudaginn 28. nóvember.

Blaðið er stútfullt af allskonar skemmtilegu efni tengdu jólnum.

Áhugasamir auglýsendur hafið samband við auglýsingadeild sérblaða í síma 512 5402



FRÉTTABLAÐIÐ

Keyra út sex daga vikunnar

Pósturinn mætir aukinni netverslun Íslendinga og keyrir nú vörur heim á höfuðborgarsvæðinu sex daga vikunnar. Þá er endurbætt útkeyrsluferfi í þróun. Vésteinn Viðarsson, vörustjóri Póstsins, segir fólk í auknum mæli nýta sér netverslanir til jólagjafakaupa og þau þægindi að fá pakkana heim að dyrum.

Við sjáum fram á um 30 pró-senta aukningu í innlendra netverslun til ársins 2021 en netverslun á Íslandi hefur aukist með hverju árinu. Stærstu dagarnir eru fram undan, 11.11. eða Singles' Day á morgun, Black Friday þann 24. nóvember, Cyber Monday þann 27. nóvember og svo jólagjafainnkaupin. Fólk nýtir sér það sérstaklega að panta á netinu síðustu dagana fyrir jól og sparar með því heilmikinn tíma. Margar netverslanir bjóða einnig upp á innþökkunarþjónustu svo fólk fær allt klárt heim að dyrum með Póstinum,“ segir Vésteinn Viðarsson, vörustjóri Póstsins. Fyrirtækið mæti aukinni netverslun Íslendinga með fleiri útkeyrsludögum og endurbættu kerfi.

Keyrt út á laugardögum

„Við höfum verið að keyra út pakkasendingar til einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu öll virk kvöld, milli klukkan 17 og 22. Nú höfum við bætt sjötta deginum við og keyrum einnig út á laugardögum, milli klukkan 12 og 17,“ útskýrir Vésteinn. „Þær netverslanir sem nýta útkeyrsluþjónustuna á laugardögum skila sendingunum til okkar á föstudegi og sendingar komast því til skila daginn eftir. Laugardagsferðirnar voru prufu-



keyrðar í október og gengu mjög vel. Nú er þetta orðin föst þjónusta hjá okkur og var full þörf á þessari viðbót. Hér eru sifellt fleiri netverslanir opnaðar og fólk er ánægð með að hafa þennan möguleika á laugardögum,“ segir Vésteinn.

Nákvæmari tímasetning

„Við erum einnig að gera breytingar

á útkeyrsluferfinu í kjölfarið á aukinni netverslun. Breytingar sem gera okkur kleift að gefa viðskiptavinum okkar nákvæmari tímasetningu á því hvenær við rennum við með sendinguna,“ segir Vésteinn. „Núna er þetta þannig að viðskiptavinur þarf að vera heima frá 17 til 22, þessu viljum við breyta og stytta þennan tíma

sem fólk þarf að bíða. Í dag er það þannig að þegar innlend netverslun sendir pakka með okkur, sendum við viðskiptavinum tölvupóst þegar pakki berst okkur og látum vita að hann sé væntanlegur. Þegar pakki fer inn í bílinn sendum við sms um að pakki sé að fara í útkeyrslu. Viðbótin sem nýja kerfið býður upp á er að við getum sent

annað sms þegar útkeyrsluröðin er komin á hreint hjá bílstjóranum og gefið nákvæmari tímasetningu, til dæmis að pakki berist milli 17 og 19. Fljótlega munu viðskiptavinir svo geta fylgst með ferðum bílsins á korti, séð hvar hann er nákvæmlega staddur og fengið þá enn nákvæmari tímasetningu á því hvenær hann kemur heim til viðkomandi.“

„Fólk nýtir sér það sérstaklega að panta á netinu síðustu dagana fyrir jól og sparar með því heilmikinn tíma,“ segir Vésteinn Viðarsson, vörustjóri Póstsins.

MYND/EYBÓR

VIÐ SKILJUM EFTIR TILHLÖKKUN Í PÓSTBOXI

Hægt er að nálgast pakka í póstboxi hvenær sem er sólarhringsins

The advertisement features a hand holding a smartphone displaying a mobile app interface. The app screen shows a 'PÖNTUN Í PÓSTBOX' (Postbox Purchase) screen for a child's helmet. The interface includes a progress indicator (1-2-3), recipient information (Eydis Hafsteinsdóttir, Pósthólfur 139, Smáralind 201, Kópavogur), and a table with columns for 'Vand', 'Magn', and 'Verð'. The table entry is 'Geimbúningur m. hjálm' with a quantity of 1 and a price of 7.990. The background shows a child in a red jacket playing with a helmet in a room decorated for Christmas, with a red and white postbox visible.



Hrefna Sætran meistarakokkur.
MYND/LAUFEY

Langar í retro poppvél

Kokkurinn Hrefna Sætran nýttir sér netið til að svara tölvupóstum og eyða tíma á Facebook sem hún segir vera frábært vinnutæki frekar en vettvang til að spjalla við vini og fylgjast með fjölskyldunni. Hún horfir einnig á flest sjónvarpsefni í gegnum netið, t.d. hjá Netflix.

Hvað kaupir þú helst á netinu?

Ég reyni að kaupa allt sem ég get á netinu því mér finnst nefnilega ekki gaman að fara á milli verslana. Samt á ég nokkrar uppáhalds verslanir sem ég fila vel og heimsæki. Annað reyni ég að finna á netinu, t.d. föt, vítamín, eldhústæki, diska og glös fyrir veitingastaðina.

Hvaða netverslanir notar þú?

Ég kaupí grænmeti hjá Bændum í bænum og aðra matvöru fyrir heimilið sem ég fæ svo sent heim á miðvikudögum. Af öðrum má nefna Babyshop, Asos, Urban Outfitters og Etsy. Ég panta líka á



íslenskum síðum og sæki í búðina. Þá er ég búin að borga og þarf ekki að bíða í versluninni.

Kostir þess að kaupa á netinu

Maður getur gert það á sínum tíma í rólegheitum heima. Svo set ég stundum eitthvað í körfu og sef á því. Daginn eftir langar mig kannski ekkert í þetta og hætti við þannig að ég spara örugglega pening líka.

Einhverjir ókostir við netkaup?

Kolefnissporið er ókostur og svo er oft rosa mikið af óþarfa umbúðum sem hlutunum er pakkað í. Ég fæ stundum sting í hjartað við að sjá það.

Hver eru bestu netkaupin?

Það voru sérhönnuðu símahulstrin frá Japan og brúðarvöndurinn minn sem var búinn til úr gömlum skrautlegum nælum.

En verstu kaupin?

Það voru of litlir skór. Ég var svo spennit fyrir þeim að ég fór í þá í von um að þeir mundu stækka en það gerðist ekki. Ég lifi enn í voninni.

Hvað á að kaupa í vetur?

Ég er núna að leita að fallegru poppvél til að hafa inni í sjónvarpsherberginu, svona retro týpu.

Auglýsing um notaðan bíl slær í gegn

I síðustu viku birti kvikmyndagerðarmaður heimagerða sjónvarpsauglýsingu á YouTube um notaðan bíl frá 1996. Auglýsingin vakti svo mikla athygli að boð í bilinn á uppboðssíðunni eBay fóru upp í 15 og hálf milljón áður en uppboðinu var aflýst af ótta við að boðin væru ekki raunveruleg. Í dag er hæsta boðið tæplega 580 þúsund krónur.

Kvikmyndagerðarmaðurinn Max Lanman hefur reynslu af auglýsingagerð þannig að þegar kærastan hans þurfti að selja notaðan Honda Accord frá 1996, sem hann segir sjálfur að sé mikill „meh“ bíll, ákvað hann að gera fagmannlega aug-

lýsingu um gripinn. Auglýsingin sló í gegn. Hún er komin með tæplega 5 milljón áhorf á YouTube og salan hefur gengið vonum framár.

Í auglýsingunni tekur leikkona að sér hlutverk kærustu Lanmans og hún gengur út á að billinn sé einstakur, þægilegur og nytsamlegur og henti þeim sem hafa allt á hreinu og vilja bara bíl til að komast frá einum stað til annars.

Billinn er til sölu á eBay og boð í hann voru komin í um 15 og hálf milljón króna þegar eBay aflýsti uppboðinu vegna gruns um að boðin væru ekki öll raunveruleg. Fyrirtækið ákvað því að hefja nýtt upp-



Skjáskot úr auglýsingunni um gömlu Honduna. MYND/YOUTUBE

boð sem er í fullum gangi og endar á mánudaginn. Það byrjaði í rúmlega 50 þúsund krónum en þegar þetta er skrifað eru boðin komin upp í tæplega 580 þúsund krónur. Raunverulegt verðgildi Hondunnar, sem er keyrð tæplega 227 þúsund

kílómetra, er talið um 150 þúsund krónur.

Þarið græðir því líklega ágætlega á auglýsingunni. Lanman hefur greinilega sjálfur fengið nokkur priki hjá sinni heittelskuðu, því þau voru að trúlofast.


SINGLES DAY
HEFST Á MIÐNÆTTI LAUGARDAGINN 11.11

15% afsláttur af öllum vörum aðeins í 24 tíma
Skoðaðu úrvalið og pantaðu í netverslun www.curvy.is

SENDUM FRÍTT
HVERT Á LAND
SEM ER!

Curvy.is Fákafeni 9 | Sími 581-1552 | www.curvy.is

CELLULAR




ÆSKU- BRUNNUR

PRÓFAÐU NÝJA CELLULAR
VOLUME FILLER DAGKREMIÐ
OG HÚÐPERLURNAR

HÝALÚRONSÝRU OG
KOLLAGEN ORKUSKOT
SEM GEFUR STINNARI,
SLÉTTARI OG UNGLEGRI HÚÐ.



NÝTT



Hönnun úr íslenskum efnivið

Dóra Hansen hagnar lampa, ljós og borð úr íslensku lerki úr Hallormsstaðaskógi og rekavið af Ströndum. Hún tekur þátt í Handverki og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur 23.-27. nóvember.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigridinga@365.is



„Ég lærði innanhússarkitektúr í Kaupmannahöfn á sínum tíma og hef um árabil unnið við mitt fag. Þegar efnahagshrunið skall á og eftirspurn eftir innanhússhönnun minnkaði gat ég leyft mér að láta gamlan draum rætast og fór að hanna lampa, ljós, borð og kolla. Ég lagði af stað með að nota íslenskan efnivið og íslenska framleiðslu í mín verk. Íslenskt lerki frá Hallormsstað og rekaviður af Ströndum varð fyrir valinu en ég nota líka íslensku ullina við mína hönnun,“ segir Dóra Hansen en umhverfismál eru henni hugleikin. „Sjálfbærni

og umhverfi skipta mig miklu máli og mig langaði að hanna hluti sem myndu erfast á milli kynslóða.“


Útskorið borð

Fyrsta húsgagnið sem Dóra hannaði er borð úr þykkum rekaviðarbordum, sett saman úr járnstöngum og ein fjölin er handútskorin af Jóni Adolf Steinólfssyni. „Þarna í miðju hruninu var ég að leita í ræturnar og prófa að nota eitthvað þjóðlegt og færa það í nútímalegan búning. Rekaviðurinn er eini smíðaviðurinn sem við Íslendingar höfum haft í gegnum tíðina og mér finnst saga hans svo skemmtileg. Rekaviður var lengi vel notaður til að smíða báta og var mikilvægt burðarefni í hús,“ segir Dóra en hún fær rekaviðinn



Lampinn Ronja. Skermurinn er úr rekavið. Hann er með mjög einfalda festingu, sem er miðuð við íslenska framleiðslu og handverk.

MYND/HANNA



Tindur er úr lerki. Hann má m.a. sjá á veitingastað í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. MYND/HANNA

hjá bónda á Ströndum.

„Þetta er langt ferli og mætti kalla „slow-design“. Bóndinn dregur viðinn í land fyrir mig, ég kem honum í bíl og keyri í sumarbústaðinn minn og þurrka hann þar. Það sem ég hanna úr viðnum er dálítið dýrt, en það er líka sérstakt og ekki fjöldaframleitt. Það er heilmikil vinna á bak við hvert verk,“ bætir Dóra við.

Að hennar sögn hefur orðið vitundarvakning á meðal fólks og æ fleiri sem kunna að meta vandaða hönnun sem stenst tímans tönn. „Margir hafa þá stefnu að kaupa aðeins hönnun eftir fólk sem er enn á lífi, en mér finnst eitthvað fallegt við það.“

Lampar og ljós úr lerki

Dóra hef hannað tvær línur sem samanstanda af lömpum og ljósum úr íslensku lerki og rekavið. „Ég vel ekki auðveldasta viðfangsefnið með því að hanna lampa og ljós. Það eru að sjálfsögðu miklar öryggiskröfur og svo þarf lýsingu að vera góð en ég hef einmitt lagt mig fram um að ná henni sem best. Fyrsti lampinn sem ég hannaði ber nafnið Tindur og ég fékk aðstoð frá Lumex við að koma honum á koppinn. Tindur er til í þremur stærðum og hann er með óbeina lýsingu til hliðanna og



Dóra lét gamlan draum rætast í miðju efnahagshruninu. MYND/HANNA



Borðið ber með sér að vera undir áhrifum frá gömlu, íslensku handverki.

lýsir auk þess beint niður. Minnsta stærðin hangir t.d. í Mathúsinu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Borðlamparnir sem ég hanna eru með stemningslýsingu.“

Hönnun Dóru má sjá í Ráðhúsi Reykjavíkur seinna í þessum mánuði en auk þess er fjallað um lampann Tind í nýrri hönnunarbók sem Forlagið var að gefa út, Hönnun – leiðsögn í máli og myndum. „Ákveðið var að vera með sér-kafli um íslenska hönnun og ég var svo heppin að Tindur, lampinn sem ég hannaði, var valinn til að vera með.

Það er skemmtilegt að sjá íslenska hönnun í þessu alþjóðlega samhengi í bókinni. Helsti munurinn á erlendri og íslenskrri hönnun er að við erum heldur frjáls í okkar sköpun. Ástæðan er talin vera sú að við höfum ekki jafn mikla hefð til að byggja á og flestar aðrar þjóðir og erum enn leitandi og svolítið ævintýraleg í því sem við erum að gera,“ segir Dóra.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.dorahansen.is.

BUXNADAGAR



Tískan

Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is

B/A/S/L/E/R MaxMara BRAX

6.540 KR.

Á MÁNUÐI

ENGIN BINDING

EFTIR HVERJU ERTU AÐ BÍÐA?

6 stöðvar · 3 sundlaugar · reebokfitness.is

Reebok
FITNESS

Bílar & Farartæki

Bílalíf



LÚXUS EINTAK - 1775Þ!!!

VW TIGUAN LUX. 100% lán mögulegt. Árgæð 2008, ekinn aðeins 153þ.km. Diesel, sjálfskiptur. Leður, lúga, krókur o.fl. Eðal-eintak með góða þjónustu! Verð 1.775þ. Rnr.247252. Til sýnis og sölu á Bílalíf, Kletthálsi, s:562-1717.

Bílalíf

Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð 10-18 virka daga
www.bilalif.is

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 154.900.- kr.

SUZUKI UMBODIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

Toyota Kaupúni



ÞESSI ER Á ENN BETRA VERÐI

TOYOTA Auris Active. 2017, ek 27 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.150.000. Rnr.991430. Enn betra verð 2.760.000.

Toyota Kaupúni
Kaupúni 6, 210 Garðabær
Sími: 570 5070
www.toyotakaupuni.is



TOYOTA COROLLA ÚTSALA

Nýr 2017 Active Diesel. Álfelgur. Bakkmyndavél. Leiðsögubúnaður ofl lúxus. Á aðeins 2.990.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Hjólbarðar



NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppi ný. Vaka s. 567 6700



visir.is
barnheill
eiga reita læknisáspá og heilbrigðisþjónustu.

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is


Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 611 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Yfir 13.000 eignir á skrá



fasteignir.is á **visir.is**

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og viðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Ráðgjöf

REKSTRARRÁÐGJÖF

Sölu og markaðsráðgjöf.

Viðsnúningur í rekstri.

Mikil reynsla.

Trúnaði heitið.

Hafðu samband á:

gkradgjof@gmail.com

Nudd

Unaðsnudd 105 Reykjavík. S. 781
2666 Natalia

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.
Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG
DYRASÍMAKERFI S. 896 6025Tilboð dyrasímaakerfi, töfluskripti.
Löggildur rafverktaki. rafneisti@
simnet.isRAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti.
Straumblik ehf. Löggiltur
Rafverktaki. straumblik@gmail.comKeypt
& Selt

Óskast keypt

KAUPUM GULL -
JÓN & ÓSKARAlla virka daga í verslun okkar
Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

Heilsa

Nudd



TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra
með Tantra nuddi. Einstæð upplifun
fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301
www.tantratemple.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 133 -
1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI
Í REYKJAVÍK133 fm bíl með allt að 9 m
lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð
malbikuð lóð, og greið aðkoma.
Nánari upplýsingar veitir Sverrir
í s. 661 7000Til leigu íbúð í Blásólum í Kópavogi
94 fm 3ja herb. Áhugasamir sendi
tölvupóst á: hajo@no.is og gefið
upp símanúmer og haft verður
samband við viðkomandi.

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m2. Ódyrt eftir það. S:
564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma.
Geymslur fyrir dánarbúð, allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna óskast

SMÍÐIR - VERKAMENN
- MÚRARAR -
LAGERSTARFSMENNErum með vana smiði, verkamenn,
múrara, pípara og lagerstarfsmenn
sem eru klárir í mikla vinnu.
HANDAFL STARFSMANNAVEITA s.
780 1444

**GEFÐU
VATN**
gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf
kirkjunnar

Tilkynningar



ÍSAFJARÐARBÆR

Auglýsing um deiliskipulagstillögu
við MjólkárvirkjunBæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti 2. nóvember 2017 að
auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Mjólkárvirkjunar og
veituvæðis hennar skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.Deiliskipulagsbreytingin felst í að skipulagssvæði Mjólkárvirkjunar
stækkar til austurs inn á Glámuhálendið um u.þ.b. 10 km². Meðal
annars er gert ráð fyrir fjórum nýjum veituskurðum, tveimur nýjum
stíflum auk yfirfalla og lokuhúsa. Einnig verður byggt yfir spennna og
tengivirki í Borgarfirði.Tillagan liggur frammi á skrifstofum Ísafjarðarbæjar, Stjórnslu-
húsinu, Hafnarstræti 1, frá 9. nóvember 2017 til 21. desember 2017
og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is .Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa
í síðasta lagi 22. desember 2017, annaðhvort skriflega á Ísafjarðar-
bæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði eða á netfangið:
axelov@isafjordur.is .Axel Rodriguez Överby
- skipulags- og byggingarfulltrúi -

Atvinna

Skemmtanir

BOLTINN Í BEINNI

**HAPPY HOUR
ALLA DAGA!!
kl. 16-19**

**Cafe
Catalina**

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

Leikir helgarinnar

**Rúnar Þór og hljómsveitin TRAP
spilar um helgina.**

Föstudag kl. 23:00 - 02:00 & laugardag kl. 00:00 - 03:00

Heitur matur í hádeginu alla virka daga • Boltatilboð • Happy hour • Lifandi tónlist allar helgar

Gullnáman

Atvinna

SMÍÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR
- LAGERSTARFSMENNErum með vana smiði, verkamenn,
múrara, pípara og lagerstarfsmenn
sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444

Ábendingahnappinn má
finna á www.barnaheill.is

KÓRAR ÍSLANDS



900 9001
Vox Felix



900 9002
Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps



900 9003
Gospelkór Jón Vídalíns



900 9004
Spectrum



900 9005
Kór Lindakirkju



900 9006
Karlakórinn Esja

ÚRSLIT KÓRAR ÍSLANDS

ÚRSLITIN RÁÐAST Á SUNNUDAGINN

★BEIN★
ÚTSENDING
KL. 19:10
SUNNUDAG
SÍMAKOSNING
HEFST Í BYRJUN
ÞÁTTAR

Það verður hörkuspennandi lokapáttur þegar kórarnir sem hafa valist í úrslitapáttinn á Stöð 2 berjast um titilinn **Kór Íslands**. Kórarnir sem keppa til sigurs í þessum úrslitapætti eru Vox Felix, Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps, Gospelkór Jóns Vídalíns, Spectrum, Kór Lindakirkju og Karlakórinn Esja. **Hver verður valinn Kór Íslands á Stöð 2?**




MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is | 1817

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Föstudagur

Í dag má búast við norðvestan hvassviðri og jafnvel stormi á austanverðu landinu, mun hægari vestan til. El á Norður- og Austurlandi og einnig sunnan- og vestanlands, en annars þurr. Lægir heldur í kvöld, en fer að snjóa samfellt á Norðurlandi. Frost á bilinu 0 til 7 stig, kaldast inn til landsins.



Laugardagur



Sunnudagur



LÉTT

			6			
9	4		7	2		3
7	5	1	9		4	
		9		6		2
4	7		2		1	9
	8		1	7	3	5
			4		8	7
8		4			2	9
1						

MIDLUNGS

	9	8	1		3	
		8	9			
3			7	5		1
5	7	4		8	2	
				4		1
	2					8
6			2	9		
9	3	1	5			7
			3		5	6

PUNG

		5				
	4				3	1
1	7	8				
9		1		4	8	6
		6		5		3
					8	
6	5	4		8		9
2			5	9	4	
					1	8

Krossgáta

LÁRÉTT

- spil
- líka
- mál
- tækifæri
- kusk
- afrennsli
- arkarbrót
- samtök
- peningur
- fletta
- leyfist
- slæma

LÓDRÉTT

- mylja
- stefna
- málmur
- nögl
- kvisl
- kvk nafn
- spira
- rænuleysi
- ái
- fisk

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					


LÁRÉTT: 2. púkk, 6. og 8. tal, 9. lag, 11. ló, 12. aftrás, 14. fölló, 16. aa, 17. aur, 18. flá, 20. má, 21. tila, LÓDRÉTT: 1. mola, 5. ur, 4. kálsum, 5. kíó, 7. gaff-all, 10. gro, 13. ála, 15. oráð, 16. aft, 19. ál.

Skák Gunnar Björnsson

Við höldum áfram með skák Ding Liren (2.774) og Jinshi Bai (2.553) frá í gær.

Svartur á leik

20... Hd4!! 21. h3 (21. exd4 Rxd4+). 21.... h5! 22. Bh2 g4+ 23. Kg2. Við höldum áfram með skákina á morgun. Alþjóðlega Norðurljósamótið hefst á morgun. Undrabörn og landsliðsmenn meðal þátttakenda.



www.skak.is. Allt um Norðurljósamótið.


7	8	13	4	19	15	2	1	1	6
6	19	12	7	13	11	5	8	14	
1	4	5	2	16	18	3	17	19	
2	16	18	5	1	19	4	13	17	
3	17	11	6	12	14	8	19	15	
4	15	19	3	18	17	1	16	2	
8	13	14	9	17	12	6	15	1	
5	1	17	8	14	16	9	12	3	
9	12	16	1	15	13	7	14	18	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niú reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

Í tveimur heimum Ólafur Jóhann Ólafsson býr í tveimur ólíkum heimum. Mjúkum heimi skáldskapar og hörðum heimi viðskipta. Í yfirstjórn Time Warner leiðir hann einn stærsta fyrirtækjamruna undanfarinna ára í fjölmiðlaheimi.



Lúmskur sjúkdómur Sonur manns sem greindist með sjaldgæfan erfðasjúkdóm sem virðist algengari hér en annars staðar, leitar að öðrum sem bera stökkbreytinguna.

Gefur ferilinn ekki upp á bátinn Eliza Reid ætlar ekki að gefa feril sinn alfarið upp á bátinn þótt hún sé orðin forsetafrú. Hún heimsótti Zaatari-flóttamannabúðirnar í Jórdaníu nýlega.



Lék sér með líf Skurðlæknirinn **Paolo Macchiarini** í nærmynd.

Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Robin klementínurnar
KOMNAR Í BÓNUS

2,3kg
í kassa



398
kr. kg

Kaki
Spánn



198
kr. kg

Appelsínur
S-Afríka

698
kr. 2,3 kg

Robin Klementínur
Spánn, 2,3 kg

Ný sending
Takmarkað magn


NESPRESSO

879
kr. pk.

Nespresso Kaffihylki
10 stk. í pakka, 5 teg.



BONUS EKKERT BRUÐL



Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
Bónus Smáratorgi: Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **12. nóvember** eða meðan birgðir endast.

FRÉTTABLAÐIÐ **MENNING****Ástin og hjónabandið sem átti aldrei að verða****Diana Cavallioti er aðalleikkona kvikmyndarinnar Ana, Mon Amour sem er ein af mörgum mjög áhuga-
verðum myndum sem sýndar eru á Rúmenskum kvikmyndadögum í Bíó Paradís fram á sunnudag.**Magnús
Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Alveg síðan ég man eftir mér kom aldrei annað til greina en að verða leikkona. Ekki kvikmyndaleikkona heldur sviðsleikkona og ég vinn aðallega í leikhúsi. Kvikmyndirnar eru meira eins og létt hliðarspor frá því,“ segir Diana Cavallioti, aðalleikkona rúmensku kvikmyndarinnar Ana, Mon Amour í leikstjórn Cälin Peter Netzer. Ana, Mon Amour hefur hlotið afar góðar viðtökur, hlaut m.a. Silfurbjörninn á kvikmyndahátíðinni í Berlín, og er hingað komin í tilefni af Rúmenskum kvikmyndadögum í Bíó Paradís sem hófust í gærkvöldi og standa fram til sunnudags.

Erfið vinna

Ana, Mon Amour segir ástarsögu þeirra Önu og Toma en hér er engin venjuleg ástarsaga á ferðinni. Ana glímur við alvarlega kvíðaröskun með tilheyrandi kvíðaköstum og margháttuðum vandamálum og hér er í senn tekist á við þessi veikindi sem og fylgifiska þeirra í sambandi unga parsins. Diana Cavallioti segir að velgengni Ana, Mon Amour hafi að mörgu leyti komið henni á óvart. „Þetta er mynd sem ég hafði samt mikla trú á vegna þess að hún dregur þig strax svo djúpt inn í söguna með þeim afleiðingum að þú annaðhvort elskar hana eða hatar. Það er ekkert þar á milli. Það er ekki hægt að labba út af þessari mynd og gleyma henni vegna þess að hún dvelur með þér og krefur þig um að taka afstöðu í ákveðnum málum. Hún snertir þig persónulega og það er hennar styrkur.“

Diana Cavallioti segir að það hafi líka tekið gríðarlega á að gera myndina. „Við æfðum í þrjá mánuði, sjö daga í viku í tíu tíma á dag og svo fórum við í þerapiu til þess að skilja betur um hvað það snýst og svo þurfti ég líka að stúdera sérstaklega kvíðaköstin og taugaveiklunina og þau veikindi sem mín persóna er að glíma við. Og ég neita því ekki að þetta var erfiðt ferli.“



Diana Cavallioti segir Ana, Mon Amour sé í senn ástarsaga en líka saga veikinda og valda í samböndum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ást og þörf

Þrátt fyrir þennan þunga undirtón myndarinnar er Ana, Mon Amour ástarsaga og Diana Cavallioti segir að það sé mikilvægt að missa ekki sjónar á því. „Þetta byrjar eins og hver önnur ástarsaga en þegar tvær manneskjur taka saman þá kemur alltaf að því að þau koma með öll sín vandamál inn í sambandið. Það er svo algjört happdrætti hvort viðkomandi tekst að láta þetta passa – að vandamálin verði bærileg og gagnkvæmur skilningur ríki í sambandinu. Ef ekki þá fer allt að liðast í sundur og það er það sem gerist í þessari sögu.“

Þessi saga er kannski öfgakennt dæmi vegna veikinda Önu og allra pillanna sem hún er að taka en það breytir því ekki að fólk þekkir sig í þessu. Þetta er nefnilega um samskiptin og samskiptaleysið og að ganga í hjónaband sem átti aldrei að verða og þetta er mörgum kunnulegt.

Málið með veikindi á borð við þessi er að þau eru oft svo erfið fyrir aðstandendur. Önu tekst að takast á við sín veikindi með því að leita sér



Úr myndinni Ana, Mon Amour sem er sýnd á Rúmönskum kvikmyndadögum.

meðferðar en þá einmitt situr Toma eftir. Situr eftir án tilgangs vegna þess að veikindi hennar gefa honum mikilvægi og þannig er þetta líka ákveðin valdabarátt. Þessi þörf fyrir að einhver þurfi á manni að halda getur verið svo sterk.“

Árans raunveruleiki

Rúmensk kvikmyndgerð er hægt vaxandi enda fjármögnunin erfið.

Diana Cavallioti segir að í Rúmeníu sé þetta jafnvel enn erfiðara en hjá flestum öðrum þjóðum í Evrópu. „Jafnvel þótt mynd gangi vel utan Rúmeníu þá virðist öllum heima vera sama. Það er sérstaklega erfið fyrir unga kvikmyndagerðarmenn að komast á kortið því það er ekkert fé að hafa nema fyrir þá sem eru með mikla reynslu.“

Það sem er sorglegast við þetta er

að Rúmenar mæta illa á rúmenskar myndir. Þeir mæta kannski ef mynd fær Gullbjörninn en Silfurbjörninn er ekki nóg,“ segir Diana og getur ekki annað en brosað. „En fólk fer í bíó og það fer líka í leikhús sem er frábært. En fólk vill ekki sjá myndir um litlu eldhúsvandamálin sem biða þegar heim er komið. Fólk vill sjá stærri myndir, drauma og ævintýri, eitthvað sem sópar þeim burt frá gráma hversdagsins. Vandinn er að það er dýrara að gera slíkar myndir og vonlaust að fá fjármagnið til þess að láta af þeim verða. Árans raunveruleiki alltaf að skemma allt,“ segir Diana og skellihlær.

Grasið grænna

Rúmenía býr að langri og glæstri sögu í menningu og listum en auk þess býr þjóðin yfir ákveðinni sérstöðu með tungumáli sínu þar sem það er einvörðungu talað í Rúmeníu. Diana Cavallioti segir að því miður virðist Rúmenar ekki hafa mikinn áhuga á því að varðveita menningu sína og tungumál. „Nei, í rauninni ekki. Rúmenar vilja ekki halda í neitt. Við erum galopið samfélag sem virðist þrá það eitt að allt og allir komi og leggi okkur undir sig. Rúmenar eru þjóð á stöðugum flótta undan sínum eigin persónuleika vegna þess að þeim líkar ekki við hann.“

Við vorum svo lengi lokuð af frá heiminum undir oki kúgunar og það hefur verið gríðarlega erfið fyrir foreldra okkar, ömmur og afa og þannig mætti lengi telja. Svo lengi að ég held að það sé í raun komið inn í okkar DNA að vilja flýja – að vilja komast í burtu frá Rúmeníu. Allir vilja komast til Evrópu en þá erum við svo hrædd við þennan austur-evrópska stimpil sem við berum utan á okkur eins og brennimerki. Þannig að ef það var einhvern tíma þjóðarstolt í Rúmenum yfir menningu sinni, listum og tungumáli þá er það fyrir löngu farið, því miður. Við sem þjóð þráum það eitt að lifa eins og aðrar þjóðir en það virðist aldrei ætla að takast vegna þess að við höldum okkur ekki við það sem við þekkjum heldur erum alltaf í leit að einhverju sem við vitum ekki hvað er. Grasið er alltaf grænna hinum megin við hæðina.“

Síðasti einstaklingurinn**BÆKUR****Aftur og aftur**

★★★★★

Halldór Armand Ásgeirsson**Mál og menning****Kápuhönnun:** Sigurður Oddsson
Prentuð í Finnlandi
309 bls.

Sagan hefst 11. september 2001 þegar tveir einstaklingar upplifa atburði sem eiga eftir að breyta lífi þeirra varanlega. Unglingsdregurinn Arnmundur fær fyrsta símann sinn í hendur og kynnist fyrstu ástinni og Stefán, trommari í sveitaballhljómsveit, reynir að upplifa fantasíu með þeim afleiðingum að ung stúlka lætur lífið. Í baksýn má sjá tvíburaturnana í World Trade Center falla fyrir árs flugvéla og heiminn breytast í kjölfar þess. Fimmtán árum síðar leggja leiðir

þessara manna saman þar sem Arnmundur er rótlaus og eirðarlaus menntamaður sem hefur eytt fjölda ára í símanum sínum í útlöndum, eins og hann orðar það sjálfur, hann er orðinn þræll, flýr allar tilfinningar og átök inn í símann og bregður þar upp grímu þeirra sem hann heldur að hann eigi að vilja vera. Stefán er hættur að tromma, er eiturlyfjasmyglari og útrásarvikingur sem rekur nú sprotafyrirtæki þar sem fara fram rannsóknir sem hann er viss um að geti breytt heiminum.

Einstaklingurinn er miðlægur í þessari bók, eða öllu heldur hópurinn og sú staðreynd að með tilkomu samfélagsmiðla og alltumlykjandi alnetsins erum við smám saman að glata einstaklingseinkennum okkar og verða einn samhverfur múgur. Arnmundur er upptekinn af því að einstaklingurinn sé dauðvona á meðan Stefán rannsakar múginn

sem hefur heillað hann frá því hann horfði yfir af sviðinu á sveitaböllunum. Lýsingarnar á heimi sem er stjórnað af sínum og af upplifun fólks af því hvernig annað fólk virðist vera að upplifa það í gegnum samfélagsmiðla, læk, deilingar og endurtíst eru oft á tíðum mjög myndnar en líka dapurlegar. Einstaklingurinn lifir í viðbragðsstöðu, passífur á eigin tilveru, aftengdur tilfinningum sínum og þegar hann reynir að komast í tengsl við þær er eins og ný og ný vofa komi til dyra.

Á baksíðinu eru síðan hrún og hryðjuverk sem verða vegna einstaklinga og gjörða þeirra, eins og einhvers konar örvæntingarfull

